

MOSFELLINGUR

13. TBL. 22. ÁRG. FIMMTUDAGUR 21. DESEMBER 2023 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

Grindvíkingum boðið á jólatónleika í Hlégarði • Heitt súkkulaði og piparkökur

Gleðileg jól



GRETA SALÓME ÁSAMT BÆJARSTJÓRUM
MOSFELLSBÆJAR OG GRINDAVÍKUR
SÓLARHRING FYRIR ELDSUMBROT

EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



Reykjavegur 55a

Mjög fallegt 161,8 m² parhús á einni hæð með bílskúr. Eignin stendur á fallegri 700,1 m² eignarlöð með timburverönd og skjólgirðingu. Lóðin gengur að hluta til inn í skóginn í bakgarðinum. Stórt hellulagt bílapan með snjóbræðslu.

V. 117,9 m.



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



FYLGSTU
MEÐ OKKUR
á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

VINNULJÓS SEM VIRKA MEÐ ÞÍNUM RAFHLÖÐUM



2.500, 5.000 & 10.000 Lumen

VIRKAR MEÐ RAFHLÖÐUM FRÁ:
Milwaukee, Dewalt,
Metabo, Bosch,
Makita, Hikoki og
Panasonic



redder
Byggingalausnir

Hyrjarhófa 2.
Sími 558 0888
www.redder.is

MOSFELLSBAKARI
GLEÐILEGA HÁTÍÐ!

MOSFELLSBAKARLIS

HÁHOLT 13-15

HÁLEITISBRAUT 58-60



Mosfellingarnir Bjarki Sigurðsson og Elísa Henný Arnardóttir

**Við metum betur
það sem við höfum** >>32-33

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



CAB
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 5.000 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 11. JANÚAR

Mosfellingur ársins?

Þú ert að lesa síðasta tölublað ársins. Tíminn líður og það er komið að því að finna Mosfelling ársins



2023. Lesendum gefst kostur á að tilnefna þá sem þeim þykja verðugir að bera nafnbótina. Ég hvet ykkur til að leggja höfuðið í bleyti og senda tilnefningu á heimasíðu blaðsins www.mosfellingur.is. Gjarnan má fylgja stuttur rökstuðningur.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur

Stórt hrós til Gretu Salóme sem Shélt þrenna tónleika í Hlégarði um helgina. Allt uppselt en tvennir tónleikar voru sérstaklega ætlaðir Grindvíkingum. Allir gáfu vinnu sína og sýndu Grindvíkingum samhug á þessum erfiðu tímum. Sólarhring síðar byrjaði að gjósa á Reykjanes-skaga, eins og alþjóð veit. Það eru því víða óvissutímar þessi jólin. Við sendum okkar bestu kveðjur með von um að allt fari vel.

Höldum utan um þá sem Hökkur þykir vænt um og njótum jólaanna. Gleðilega hátíð.



ÍSFLUGL

www.isflugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

JÓLALJÓSin FRÁ REYKJALUNDI

Flestar fjölskyldur eru fastheldnar á jólasíðu og venjur, sem flytjast með afkomendum milli ára. Sama á við um skreytingar innandyrna sem utan. Jólapistillinn er ögn persónulegur og sýnir gjöf frá Reykjalundi, jólaljós/seríu sem hefur fylgt fjölskyldunni frá árinu 1960, þegar við fluttum í skólahúsið að Brúarlandi. Fyrstu árin prýddi hún jólatréð en síðan ævinlega í glugga — hefur aldrei bilað en skartar nú í takt við tímunn LED perum í glugganum mínum.

GLEÐILEG JÓL!



Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Hringdu

skólanet Hringdu

- hraðasta internetið
- ótakmarkað gagnamagn
- langbesta verðið
- fyrir námsmenn
- 7.600 kr. á mánuði

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór
Einarsson
Lögg. fasteignasali



Sigurður
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil
Karlsson
Lögg. fasteignasali



Steingrímur
Benediktsson
Lögg. fasteignasali



BUGÐUFLJÓT 17B

Nýtt og vandað 63,8 m² geymsluhúsnæði sem er að rísa á stórrí lóð við Bugðufliót 17 á Tungumelum í Mosfellsbæ. Eignin afhendist við kaupsamning fullbúin skv. skilalýsingu seljanda.

V. 29,9 m.



BUGÐUFLJÓT 17C

Nýtt og vandað 112,4 m² geymsluhúsnæði við Bugðufliót 17 í Mosfellsbæ. Allt að 7 m lofthæð sem gefur möguleika á að setja upp allt að 52,2 m² milliloft í hverju bili. Eignin afhendist við kaupsamning fullbúin skv. skilalýsingu seljanda.

V. 49,5 m.



LILJUGATA 8-24

Glæsileg og vel skipulögð 190 m² raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr, frágenginni lóð með hellulögðu bílaplani og timburverönd. Eignirnar afhendast tilbúnar til innréttingar með frágenginni lóð á kr. 122.000.000 eða fullbúnar á kr. 144.500.000.-



KLAPPARHLÍÐ 5

Björt og rúmgóð 107,4 m², 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Íbúðinni fylgir merkt bílastæði með rafhleðslustöð í lokaðri bílageymslu í kjallara. Svalir í suðurátt með svalalokun og fallegu útsýni.

V. 82,7 m.



*Við óskum ykkur
glæðilegra jóla
og farsældar
á komandi ári*



TRÖLLATEIGUR 25

Bjart og fallegt 165,5 m² endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Timburverönd og svalir í suðurátt. Hellulagt bílplan með hita. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ.

V. 119,9 m.



BREKKUTANGI

278,0 m² raðhús á þremur hæðum með innbyggðum bílskúr. Hellulagt bílplan með hleðslustöð. Fallegur garður með timburverönd í suðurátt. Svalir í suðurátt með svalalokun og svalir í norðurátt.

V. 121,5 m.



GERPLUSTRÆTI 16

Mjög falleg og vel skipulögð 106,6 m², 3-4ra herbergja endaíbúð á 3. hæð (2. hæð frá götu) með sérinnangi af opnum svalagangi ásamt bílastæði í bílageymslu. Stórar svalir með svalalokun í suðurátt. Mjög fallegt útsýni. Frábær staðsetning rétt við Helgafellsskóla.

V. 74,9 m.



BJARKARHOLT 27

Falleg og vel skipulögð 75,3 m², 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi í miðbæ Mosfellsbæjar. Eignin er laus strax við kaupsamning. Svalir í suðurátt með fallegu útsýni.

V. 58,0 m.



Bæjarbúar geta kosið Mosfelling ársins

Val á Mosfellingi ársins 2023 stendur nú yfir. Lesendum gefst kostur á að tilnefna þá sem þeim þykja verðugir að bera nafnbótina. Öllum er frjálst að senda inn tilnefningar í gegnum heimasíðu blaðsins www.mosfellingur.is. Þetta er í 19. sinn sem valið fer fram á vegum bæjarblaðsins Mosfelling. Íbúar eru hvattir til að taka virkan þátt og senda inn tilnefningar. Gjarnan má fylgja með stuttur rökstuðningur fyrir tilnefningunni og hvað viðkomandi hefur lagt til samfélagsins. Áður hafa þessi hlotið nafnbótina: Sigsteinn Pálsson, Hjalti Úrsus Árnason, Jóhann Ingi Guðbergsson, Albert Rútsson, Embla Ágústsdóttir, Steindi Jr., Hanna Símonardóttir, Greta Salóme, Kaleo, Jóhanna Elísa Engelhartsdóttir, Sigrún Þ. Geirsdóttir, Guðni Valur Guðnason, Jón Kalman Stefánsson, Óskar Vídalín Kristjánsson, Hilmar Elísson, Sigmar Vilhjálmsson, Elva Björg Pálsdóttir og Halla Karen Kristjánsdóttir. Útnefningin verður kunngjörð í fyrsta blaði ársins 2024, 11. janúar.



Brennur yfir hátíðar - tímasetningar

Á gamlárskvöld verður áramótabrenna haldin neðan Holtahverfis við Leirvoginn þar sem þrettándabrennan er árlega. Mosfellsbær stendur fyrir brennunni í samstarfi við handknattleiksdeild Aftureldingar en kveikt verður í kl. 20:30. Hin árlega þrettándabrenna fer fram á sama stað laugardaginn 6. janúar 2024. Mosverjar leiða blysför frá Miðbæjartorginu kl. 17:30. Skólahljómsveitin, Stormsveitin, Grýla og Leppalúði og fleiri mæta. Björgunarsveitin Kyndill verður með flugeldasýningu að vanda.

KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

Óvissa um starfsemina • Ekki til fjármunir til að fara í umfangsmiklar lagfæringar

Reykjalundur lokar hluta húsnæðis vegna bágs ástands

Í byrjun desember lokaði endurhæfingarstöðin Reykjalundur hluta húsnæðis síns vegna bágs ástands bygginga heilbrigðisstofnunarinnar.

Var þetta gert í framhaldi af úttekt verkfræðistofu sem sýnir að óheilmæmt er fyrir sjúklinga og starfsfólk að dvelja í umræddum byggingum.

Viðamikil úttekt verkfræðistofu

Stjórnendur og starfsfólk Reykjalundar hafa um nokkurn tíma haft grun um að hluti húsnæðis Reykjalundar sé ófullnægjandi, annars vegar út frá veitingu heilbrigðisþjónustu til viðkvæmra sjúklingahópa og hins vegar sem vinnuástaða starfsfólks. Þessar áhyggjur hafa undanfarin misseri verið kynntar fulltrúum Sjúkratrygginga, heilbrigðisráðuneytis og heilbrigðisráðherra sjálfum.

Viðamikil úttekt verkfræðistofunnar Verksýnar á húsnæðinu hófst síðasta sumar og staðfestir hún, því miður, grun um ófullnægjandi ástand þess. Þær byggingar sem þarf að loka eru báðar hæðir C-álmur, efri hæð F-álmur og smáhýsi sem staðsett eru á lóð Reykjalundar og hafa verið notuð til gistingar fyrir sjúklinga utan af landi. Jafnframt þarf að loka nokkrum afmörkuðum stöðum í A-, B- og G-álmum.



Pétur Magnússon forstjóri Reykjalundar

Auk þessa verða nokkrar álmur settar í sérstaka hreinsun og regluleg aukaprif þar sem ástandi er ábótavant en þó ekki talið heilsuspillandi.

„Reynt hefur verið eins og kostur er að sjá til þess að lokunin verði ekki til að draga úr starfseminni þó óneitanlega verði einhverjir hnökur á þjónustu. Óvissa ríkir um hversu lengi lokunin mun vara, þar sem ekki eru fjármunir til staðar til að fara í þær



umfangsmiklu lagfæringar sem nauðsynlegar eru,“ segir Pétur Magnússon forstjóri Reykjalundar.

Stjórnvöld meðvituð um stöðuna

Þjónustusamningur Reykjalundar við Sjúkratryggingar Íslands kveður á um að greiðslur samkvæmt honum megi einungis nýta í veitingu þjónustu við sjúklinga og felur ekki í sér sérstakar greiðslur til viðhaldsverkefna. SÍBS (eigandi húsnæðisins) hefur frá stofnun Reykjalundar árið 1945 greitt kostnað við uppbyggingu og viðhald.

Eftir því sem húsnæðið verður eldra og viðhaldsfrekara samhlíða því sem tekjur af flokkahappdrætti SÍBS hafa minnkað, þá hrökva þeir fjármunir ekki lengur til og því hefur einungis lágmarksviðhaldi verið sinnt á Reykjalundi í mörg ár.

Stjórnvöld hafa verið meðvituð um þessa stöðu og meðvituð um að húsnæðismál Reykjalundar væru langt frá því að vera sjálfbær. Þrátt fyrir það hefur ekki ennþá verið gengið frá framtíðarfyrirkomulagi húsnæðismála Reykjalundar.

„Við lokunina standa til boða færri

rými fyrir sjúklinga utan af landi því hluti húsnæðisins sem lokað verður hefur verið nýttur fyrir gistingu sjúklinga sem ekki komast til síns heima á kvöldin.

Alls misstu 32 starfsmenn vinnuádstöðu sína og hefur verið unnið að því að skipuleggja nýjar starfsstöðvar fyrir umrætt starfsfólk til bráðabirgða. Slíkt fyrirkomulag gengur þó ekki upp til langframa,“ segir Pétur Magnússon.

Engir fjármunir til staðar

„Það er von Reykjalundar að hægt verði að finna lausn sem tryggir samfellda og órofna þjónustu við sjúklinga til bæði skamms og langs tíma ásamt því að geta boðið upp á góða vinnuádstöðu fyrir starfsfólk.

Verið er að skoða möguleika á tímabundinni uppsetningu færanlegra húseininga eða flutningi tímabundið í annað laust húsnæði. Vandinn er hins vegar sá að engir fjármunir eru til staðar til að greiða fyrir leigu slíks húsnæðis, né til að hefja viðgerðir á núverandi húsnæði. Það ríkir því mikil óvissa um þá mikilvægu starfsemi sem fram fer á Reykjalundi.“

29 tilboð í raðhúsaloðir við Langatanga • 7 tilboð í einbýlishúsaloðir við Fossatungu

Þónokkur eftirspurn eftir lóðum

Bæjarráð opnaði tilboð í byggingarrétt lóða við Langatanga og Fossatungu á 1606. fundi sínum fimmtudaginn 14. desember.

Fresturinn til að skila inn tilboðum var til 7. desember og samkvæmt Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra var eftirspurnin eftir byggingarrétt þessara lóða samkvæmt væntingum og bárust alls 36 gild tilboð í þær. Þar af voru 7 tilboð í einbýlishúsaloðir við Fossatungu og 29 tilboð í raðhúsaloðir við Langatanga.

Tilboðin verða skráð, flokkuð nánar og tekin til afgreiðslu á næsta fundi bæjarráðs sem haldinn verður í dag, fimmtudaginn 21. desember.



NÝJAR LÓÐIR VIÐ LANGATANGA

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Aðfangadagur 24. desember

Kl. 13: Jólástund fjölskyldunnar í Lágafellskirkju. Notaleg stund sem styttr biðina til jóla fyrir alla fjölskylduna.

Kl. 18: Aftansöngur í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon. Kirkjukór Lágafellssóknar.

Kl. 23:30: Miðnæturguðspjónusta á jólanótt í Lágafellskirkju. Sr. Hólmgrímur Elís Bragason.

Jóladagur 25. desember

Kl. 14: Hátíðarguðspjónusta í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon. Kirkjukór Lágafellssóknar.

Gamlársdagur 31. desember

Kl. 17: Aftansöngur í Lágafellskirkju. Sr. Hólmgrímur Elís Bragason. Tindatríóið.

Sunnudagur 7. janúar

Upphaf barnastarfsins og sr. Kristján Björnsson Skálholtsbiskup visiterar Kl. 13: Fjölskyldumessa í Lágafellskirkju. Sr. Arndís Linn, sr. Kristján Björnsson og leiðtogar úr barnastarfi. Kirkjukórinn og barnakór Lágafellssóknar leiða safnaðarsönginn í sameiningu. Barnakórstjóri: Valgerður Jónsdóttir. Organisti: Árni Heiðar Karlsson. Hressing í skrudhúsi eftir messu.

Foreldramorgnar

Hefjast aftur á nýju ári fimmtudaginn 11. janúar kl. 10-12 í safnaðarheimilinu, þverholti 3.

Gaman Saman - samverur eldri borgara Fyrsta samveran í safnaðarheimilinu verður fimmtudaginn 18. janúar.

Barnakór Lágafellskirkju

Æfingar hefjast aftur mánudaginn 8. janúar. Áttu barn í 1.- 7. bekk sem langar að syngja í kór? Hafðu endilega samband við Valgerði Jónsdóttur kórstjóra á valgerdur@lagafellskirkja.is

1.320.000 KR. VSK HÆKKUN Á RAFBÍLUM TEKUR GILDI UM ÁRAMÓT

100% RAFKNÚINN JEEP® AVENGER RAFMAGNAÐUR VERÐLAUNABÍLL

Jeep®

TILBOÐSVERÐ FRÁ
4.990.000 KR.*

*Rauður Longitude 4.990.000 kr.
Fullt verð 5.850.000 kr.
Takmarkað magn í boði.



KEYRÐU INN Í FRAMTÍÐINA Á FYRSTA 100% RAFKNÚNA JEEP® SÖGUNNAR

Tryggðu þér 100% rafknúinn Jeep® Avenger áður en skattaávilnanir á rafbíla falla úr gildi. Sjón er sögu ríkari. Við tökum vel á móti þér í sýningarsal okkar í Mosfellsbæ.

EIGUM BÍLA TIL
AFHENDINGAR
STRAX!

FIAT 500e - 100% RAFMAGN GLÆSILEG ÍTÖLSK HÖNNUN

FIAT 

TILBOÐSVERÐ FRÁ
4.990.000 KR.*

*Sýningarbílar. Takmarkað magn í boði.

VÖNDUÐ OG GLÆSILEG ÍTÖLSK HÖNNUN SEM TEKIÐ ER EFTIR

Fiat 500e er fallegur og fyrirferðarlítill, tilvalinn í innanbæjarsnattið. Vönduð hönnun og einstakir aksturseiginleikar. Komdu og skoðu Fiat 500e í sýningarsal okkar í Mosfellsbæ.

RAFMÖGNUÐ
KLASSÍK
FRÁ FIAT

 ISBAND

UMBODSADILI JEEP® OG FIAT Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



FJÓLSKYLDUSTEMNING



HANNA GULL



MARGT UM MANNINN Í FÉLAGSHEIMILINU

JÓLAMARKAÐUR

Í HLÉGARÐI



JÓLAKÚLUR TIL SÖLU



AMMA MEÐ UNGANN



LIONSKONUR Á STAÐNUM

Takk fyrir viðskiptin og samstarfið á árinu



KJÖTBÚÐAR-FEÐGARNIR



MÆGIN LEIKA Á FIÐLU

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur
Draghálsi 4 - Sími: 535 1300
verslun@verslun.is
OPNUM KL. 8

Myndir/RaggiÓla

ÁRAMÓTIN ERU KOMIN Í PARTÝBÚÐINA

KVÖLDOPNUN MILLI JÓLA OG NÝÁRS

OPIÐ TIL 17:00 Á GAMLÁRSDAG

SENDUM
UM LAND
ALLT



PARTÝBÚÐIN

FAXAFEN 11 • 108 REYKJAVÍK

Afrakstur góðgerðarhelgi afhentur • Í tilefni stórafmælis

Veitingafélagið styrkir Reykjadal

Síðastliðið sumar var góðgerðarhelgi hjá Veitingafélaginu, sem er í eigu hjónanna Óla Vals og Ragnheiðar, þá í tilefni hálftrar aldar afmælis Óla Vals.

Ákveðið var að ánafna 50% af sölu á veitingastöðum félagsins til valdra góðgerðarféлага. Auk Bankans bistro í Mosfellsbæ á félagið og rekur veitingastaðina Mandi og Hlíllabáta.

Reykjadalur í Mosfellsdal er eitt af þeim góðgerðarfélögum sem Veitingafélagið styrkti. „Okkur langaði að styðja við frábært starf Reykjadals sem tekur á móti fötluðum

börnum og ungmennum í sumarþúðir og styttri vetrardvalir. Börn vina okkar hjóna hafa notið frábærra stunda í Reykjadal, auk þess er ég alin upp í Mosfellsbæ og fjölskyldan mín hefur sterkar taugar til Reykjadals,“ segir Ragnheiður Þengilsdóttir, sem einnig er mannaútsjóri Veitingafélagsins.

Á myndinni eru Ragnheiður Þengilsdóttir f.h. Veitingafélagsins, Andrea forstöðumaður Reykjadals og Anna Lilja sem var mætt á jólaskemmtun í Reykjadal og tók á móti styrknum sem var uppá 726.782 krónur.



ANDREA, ANNA LILJA
OG RAGNHEIÐUR



BJARKI BJARNASON
OG ÓLÓF SÍVERTSEN

Fjallað um Kjósarsýslu • Elsta ritröð sem gefin er út

Bjarki ritar Árbók FÍ

Bjarki Bjarnason rithöfundur á Hvirfli í Mosfellsdal og Ferðafélag Íslands hafa undirritað samning um ritun árbókar félagsins 2026.

Bókin mun fjalla um Kjósarsýslu sem náði um aldri frá Elliðaánum inn í Hvalfjarðarbotn og upp á miðja Mosfellsheiði; innan sýslunnar voru þrjár hreppar: Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

Bjarki segir það mikið tilhlökkunarefni að takast á við þetta áhugaverða verkefni. „Í bókinni verður fjallað um Kjósarsýslu frá öllum sjónarhornum,“ segir hann, „um jarðfræði, náttúrufar, dýralíf, sögu og mannlíf í aldanna rás. Áður fyrr mynduðu íbúar í þessum hreppum félagsleg tengsl með ýmsum hætti, prestarnir á Mosfelli

og Reynivöllum þjónuðu í kirkjunum á Kjalarnesi, bændur bundust samtökum og sýslungar tókust á í íþróttum, meðal annars í Sýsluglímu Kjósarsýslu. Karlakór Kjósarsýslu var til í eina tíð og unglingar af Kjalarnesi og úr Kjós sóttu skóla í Mosfellsveit og voru þá í heimavist. Og svo gnæfir Esjan yfir og allt um kring,“ bætir Bjarki við.

Árbók Ferðafélags Íslands er elsta ritröðin sem gefin er út á Íslandi, hún hefur komið út samfleytt frá árinu 1928, nú á dögum er bókin prentuð í 15 þúsund eintökum og dreift til félagsmanna.

Á ljósmyndinni eru Bjarki og Ólóf Kristín Sívertsen, forseti Ferðafélags Íslands, myndin var tekin í jólaskegginum í Hamrahlíð síðastliðinn sunnudag í tilefni af ákvörðun um þessi árbókarstjóri.

Sorphirða um hátíðarnar

Blandaður úrgangur og matarleifar

- 22. des.: Mýrar, Tún, Hlíðar, Höfðar
- 23. des.: Tangar, Holt, Tungur
- 27. des.: Kriki, Helgafell, Lönd
- 28. des.: Teigar, Reykjahverfi, Dalur

Pappír/pappi og plastumbúðir

- 22. des.: Mýrar, Tún, Hlíðar, Höfðar
- 23. des.: Höfðar, Tangar, Holt
- 27. des.: Holt, Tungur
- 28. des.: Kriki, Helgafell
- 29. des.: Helgafell, Lönd, Teigar
- 30. des.: Teigar, Reykjahverfi

Yfir jól og áramót fellur of til meira sorp frá heimilum en á öðrum tímum ársins. Það getur því verið ágætt að vita hvenær tunnurnar eru tæmdar. Þess má geta að jólapappír má fara í bláu tunnuna. Frekari upplýsingar um sorphirðu má finna á vef Mosfellsbæjar.

Að gefnu tilefni eru húsráðendur hvattir til að merkja húsin með húsnúmerum og moka frá sorptunnum ef þannig viðrar um jólin.

Á vef Sorpu má sjá afgreiðslutíma endurvinnslustöðva yfir jól og áramót sem og finna góðar upplýsingar um hvað má fara í tunnuna og hvað fer til urðunar og í flokkun hjá Sorpu.



Gleðilega hátíð kæru Mosfellingar!

Höfum drenlagnir í lagi
á komandi ári



Vörn gegn
vatnstjóni



LÓÐARVINNA

✉ lodarvinna@gmail.com

☎ 846 6863



3.000 götulömpum skipt yfir í LED

Bæjarráð hefur ákveðið að bjóða út 1. áfanga af 5 í LED væðingu allrar götulýsingar í Mosfellsbæ til samræmis við nýjar reglugerðir. Götulampar í Mosfellsbæ eru rúmlega 3.700 talsins og verður um 3.000 þeirra skipt út. Áætlaður kostnaður við 1. áfanga verksins er um 50 m.kr. og er heildarkostnaður við framkvæmdina sem gert er ráð fyrir að nái yfir árin 2024-2028 um 390 m.kr. Markmiðið er að ná betri lýsingu en einnig sparnaði í viðhaldi og raforkunotkun. Samanburður á verði sýnir um 80% lægri kostnað af LED-götulýsingu samanborið við raforkuþörf eldri natrium- eða kvikasilfurslampa. Tillagan gerir ráð fyrir að götulömpum í elstu hverfunum verði skipt út í 1. áfanga framkvæmdarinnar og því verði hafist handa í Holta- og Tangahverfi.

**MOSFELLINGUR
KEMUR NÆST
ÚT 11. JAN.**

mosfellingur@mosfellingur.is



SIGURREIFIR FEDGAR



EINAR SVERRIR FYRIR MIÐJU
HAMPAR BIKARNUM Í SUMAR

Einar Sverrir á tímamótum • Forréttindi að stunda íþróttina með drengjunum sínum

Fimmtugur Íslandsmeistari í Enduro - Viðburðaríkt ár

Einar Sverrir Sigurðsson fagnaði 50 ára afmæli sínu á árinu með því að landa sjöunda Íslandsmeistaratitlinum í Enduro.

„Ég varð fyrst Íslandsmeistari árið 1999 og var á fullu í þessu til ársins 2010. Þegar strákarnir mínir þrír fóru að stunda þetta sport fannst mér ekki nóg að standa og horfa á og byrjaði því aftur á fullu,“ segir Einar sem hefur líka þrisvar orðið Íslandsmeistari í mótkrossi.

Skemmtilegt fjölskyldusport

„Sýnir mínir Ingvar, Daníel og Halldór eru allir miklir hjólarar og konan mín Steingerður okkar helsta stuðningsmann-

eskja. Það er algjör forréttindi að fá að stunda þetta sport með strákunum mínum. Þetta er mikið adrenalín og maður verður eiginlega þínu háður þessu, ég hef alveg fengið minn skerf af meiðslum og fyrir þetta sumar var ég að jafna mig eftir smá óhapp. En velgengni er alltaf skemmtileg og gaman að fara fram úr sínum eigin væntingum.“

Þakklátur fyrir velgengnina

„Íslandsmótið samanstendur af fimm umferðum sem haldnar eru víðs vegar um land. Fyrir síðustu umferðina þá leit allt úr fyrir að við Ingvar sonur minn gætum lent

saman á verðlaunapallinum. Hann var í 3. sæti fyrir mótið en því miður datt hann og braut á sér báðar hendurnar.

Við höfðum rætt það hvað við myndum gera ef annar okkar myndi detta og slasa sig, hvað hinn ætti að gera. Það var því þínu galið að keyra fram hjá honum þegar hann datt, en Daníel bróðir hans var sem betur fer hjá honum. En það verður að koma fram að hann fór aftur á hjólið og kláraði brautina,“ segir Einar Sverrir að lokum og hlær.

Þess má geta að sonurinn Ingvar er tilnefndur til íþróttamanns Mosfellsbæjar árið 2023.

ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU

Leikhúsfærð

FAMOS hefur látið taka frá 25 miða á Deleríum búbonis þann 3. febrúar 2024 kl. 20.00. Miðarnir eru með eldri borgara afslætti og er þá hver miði á 8.900 kr. Þeir sem ætla að nota sér þetta þurfa að hafa samband við Borgarleikhúsið og greiða miðana fyrir 10. janúar. Miðarnir eru skráðir á kennitölu 230546-3559 (Ingólfur Hrólfsson), pöntunarnúmer 4470656. Það verður safnað í bíla við Hlégarð og farið af stað kl. 19.25.

Íþróttanefnd FaMos

Heilsa og hugur leikfimi fyrir 60+ úti og inni í íþróttahúsinu að Varmá.

Dagskrá vorannar 2024:

11 vikna námskeið 3 sinnum í viku, mánudaga kl. 9:30. Allir hópar saman í Fellinu þriðjudaga og föstudaga kl. 8, 9 og 10. Verð fyrir tímabilið er kr. 16.000, hefst 8. janúar 2024. Skráning hefst miðvikud. 3. janúar í síma 8457490 og 895 4656 frá kl. 10 til 12. **Vatnsleikfimi** byrjar 15. janúar í Lágafellslaug mánud. kl. 14, þriðjud. kl. 14:30, miðvikud. kl. 15 og fimmtud. kl. 13:25. Það þarf að skrá sig í vatnsleikfimina og hefst skráning þriðjudaginn 9. janúar frá kl. 11 til 13 í síma 895 9610. Verð fyrir tímabilið er kr. 5.000 pr. einu sinni í viku og greiðist með peningum í fyrsta tíma. **Ringó** í íþróttahúsinu Varmá þriðju-

daga kl. 12:10 og fimmtudaga kl. 11:30 byrjar 9. janúar.

Boccia í íþróttahúsinu Varmá miðvikudaga kl. 12 byrjar 10. janúar.

Púttæfingar mánudaga kl. 11 í golfskálanum, neðri hæð, byrjar 8. janúar.

Gönguferðir alla miðvikudaga kl. 10:30 frá Hlégarði.

LAUS PLÁSS Í ENSKU

Í fimmtudags- og miðvikudagshópum kl. 11 (kennsla einu sinni í viku).

Erum með laus pláss í bæði miðvikudagshópinum sem Gunnjóna leiðir og líka laus pláss í fimmtudagshópinum sem Ágústa leiðir.

Í þessum spjallhópum erum við að leiða saman fólk sem vill þjálfa sig í að tala ensku saman. Flest kunnum við eitthvað í ensku en æfum það lítið og gaman að geta styrkt það. Við erum með litla samheldna hópa sem hittast reglulega og æfa enskt talmál.

Þeir sem hafa áhuga á að slást í hópana endilega hafið samband við okkur í félagsstarfinu í síma 586-8014/ 6980090 eða á elvab@mos.is

Sveitaball í Hlégarði

miðvikudaginn 17. janúar kl. 19:30 - 22:30.

Dansiball verður haldið í Hlégarði á vegum FaMos og Hlégarðs. Komid og rifjið upp gamla takta og skemmtum okkur saman. Hljómsveitin „Húnatrióið“ leikur fyrir dansi, bæði gömlu og nýju dansana. Aðgangseyrir er 2.000 kr. Munið að koma á dansskónum.

Opið hús/meningarkvöld

8. janúar 2024. Delizie Italiane tríóið. Opið hús mánudaginn 8. janúar í Hlégarði klukkan 20. Þar munu þeir félagar Leone Tinganelli, Jón Elvar Hafsteinsson og Jón Rafnsson bjóða okkur upp á ítalskt góðgæti, þar sem áhersla verður lögð á þægilega og ljúfa ítalska stemningu. Grazie mille – prego. Kaffinefndin verður svo með sitt rómaða kaffihlaðborð að venju. Aðgangseyrir er kr. 2.000 (posi er ekki á staðnum) Með kveðju Menningar- og skemmtinefnd FaMos

Útsaumshópur

Byrjar aftur af fullu krafti hjá okkur miðvikudaginn 10. janúar kl. 13, verið velkomin.

Jólafrí

Við lokum 21. des og opnum 3. jan. kl 11. Gleðileg jól og hafið það sem allra best yfir hátíðirnar.



Hlégarður

Við höldum svo áfram að hittast í Hlégarði þriðjudaginn 16. janúar kl. 13. Hlökkum til að sjá sem flesta.

Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tólmstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

FÉLAG ALDRAÐRA í Mosfellsbæ og nágrenni famos@famos.is www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Jónas Sigurðsson formaður s. 666 1040 jonass@islandia.is
Jóhanna B. Magnúsdóttir varaformaður s. 899 0378 hanna@smart.is
Þorsteinn Birgisson gjaldkeri s. 898 8578 thorsteinn.birgis@gmail.com
Guðrún K. Hafsteinsdóttir ritari s. 892 9112 gunnasjana@simnet.is
Ólafur Guðmundsson meðstjórnandi s. 868 2566 polarafi@gmail.com
Ingibjörg G. Guðmundsdóttir varamaður s. 894 5677 igg@simnet.is
Áshildur Þorsteinsdóttir varamaður s. 896 7518 asath52@gmail.com



Holda
KALKÚNN

REYKJABÚIÐ

- SÍÐAN 1947 -

Íslenskur kalkúnn
í veisluna





JÓLASKÓGURINN

OPNAÐUR Í HAMRAHLÍÐ



Myndir/RaggiÓla

*Gleðileg jól og
þarsæll komandi ár*



Fagefni



Við látum allt snúast um jólin

Við sendum öllum landsmönnum óskir um gleðilega hátíð. Megi gangverk jólanna vera taktfast og framleiða óstöðvandi hamingju og frið á heimilum og vinnustöðum um allt land.

www.hd.is



Gleðilega hátíð



LANDSBANKINN.IS



Óskum Mosfellingum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári

Vinir Mosfellsbæjar

Ævintýrleg verslun í Mosfellsbæ



*Gleðileg
jól*

Eríta

Háholti 14 - Sí: 5531900



Við óskum ykkur gleðilegra jóla
Þökkum viðskiptin á árinu.

ELEKTRUS

- Löggiltir rafverktakar

Sigurjón Hólm Magnússon
Sími 895 1580 - sigurjon@elektrus.is



Gleðileg jól

Takk fyrir viðskiptin á (h)árinu

PÍLUS
MOSFELLSBÆ

SPENNANDI TVÍLEIKUR



B bókabeitan

Laus störf
í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ
og stofnunum má sjá og sækja
um á ráðningarvef bæjarins:
www.mos.is/storf



Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700


**Samvera er
besta jólagjöfin**



SAMAN



Mosfellsbær



Afgreiðslutími íþróttamiðstöðva um hátíðarnar

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN LÁGAFELLI

23. desember - Þorláksmessa
09:00 - 18:00

24. desember - Aðfangadagur
08:00 - 12:00

25. desember - Jóladagur
LOKAÐ

26. desember - Annar í jólum
10:00 - 16:00

31. desember - Gamlársdagur
08:00 - 12:00

1. janúar - Nýársdagur
LOKAÐ

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN VARMÁ

23. desember - Þorláksmessa
08:00 - 16:00

24. desember - Aðfangadagur
08:00 - 12:00

25. desember - Jóladagur
LOKAÐ

26. desember - Annar í jólum
LOKAÐ

31. desember - Gamlársdagur
08:00 - 13:00

1. janúar - Nýársdagur
LOKAÐ



JÓLABAÐIÐ ER HJÁ OKKUR!

Á aðfangadag er opið fyrir hádegi og vonumst við til að sjá gesti í hátíðarskapi.

Gleðileg jól - Þökkum samstarfið á árinu.

Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700

Óskum Mosfellingum og landsmönnum öllum gleðilegra hátíðar og farsældar á nýju ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða og sjáumst hress á nýju ári



Útilegu maðurinn

þar sem ferðalagið byrjar



**&Pálsson óskar
Mosfellungum
gleðilegra jóla
og farsældar
á komandi ári**

&Pálsson

&Pálsson er stoltur styrktaraðili Aftureldingar

www.pson.is

Greta Salóme bauð Grindvíkingum á tvönnu jólatónleika

Hátíðleiki í Hlégarði



Helgihald um jól & áramót í Lágafellssókn



Aðfangadagur 24. desember

Kl. 13 Jólástund fjölskyldunnar í Lágafellskirkju

Kl. 18 Aftansöngur í Lágafellskirkju

Kl. 23:30 Miðnæturguðspjónusta á jólanótt í Lágafellskirkju



Jóladagur 25. desember

Kl. 14 Hátíðarguðspjónusta í Lágafellskirkju

Gamlársdagur 31. desember

Kl. 17 Aftansöngur í Lágafellskirkju

Fögnum hátíð ljóssins!
Við óskum öllum íbúum Mosfellsbæjar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!
Prestar, starfsmenn og sóknarnefnd Lágafellssóknar

 lagafellskirkja.is 

Mosfellingur ársins

2023

SENDU INN ÞÍNA
TILNEFNINGU
www.mosfellingur.is

ALLTAF GOTT VEDUR
KEILA
SHAKE
PINN
PILUKAST BOLTI
KAREOKE
AEMAE
HOPPELL



BÓKAÐU BRAUT EÐA FÁÐU TILBOÐ FYRIR HÓPA
Á KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS

Keiluhöllin

keiluhollin.is

shake & pizza

shakepizza.is

Guðni forseti mætti á árlegan jólamarkað í Álafossvos • Mikil stemning hjá strákunum

JÓLAMARKAÐUR ÁSGARÐS



Myndir/RaggiÓla

Leiðtogi íþrótta- og lýðheilsamála í Mosfellsbæ



Mosfellsbær auglýsir laust starf íþrótta- og lýðheilsufulltrúa. Leitað er eftir leiðtoga til að hafa forystu við uppbyggingu á sviði íþróttamála, lýðheilsu og almenningsíþrótta.

Fyrir dyrum stendur mikil uppbygging á aðstöðu fyrir íþróttafólk og íbúa í Mosfellsbæ. Íþrótta- og lýðheilsufulltrúi mun gegna lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu í samvinnu við starfsmenn, íbúa, Aftureldingu og önnur íþróttafélag.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi verkefni á menningar-, íþrótta- og lýðheilsusviði Mosfellsbæjar. Leitað er eftir áhugasömum og sjálfstæðum einstaklingi með mikla þekkingu, viðeigandi reynslu og brennandi áhuga á íþrótta- og lýðheilsuárum.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Arnar Jónsson, sviðsstjóri menningar-, íþrótta- og lýðheilsusviðs Mosfellsbæjar, í gegnum netfangið arnar@mos.is.

Ítarlegt yfirlit yfir helstu verkefni, hæfni og menntunarviðmið fyrir starfið er að finna á ráðningarvefnum www.alfred.is, þar sem umsóknum skal skilað eigi síðar en 3. janúar.

Mosfellsbær leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið, óháð kyni, fötlun eða menningarlegum bakgrunni.

Mosfellsbær

www.mos.is


525 6700





DOMINO'S PIZZA | HÁHOLTI 14 | MOSFELLSBÆ

BESTA FUGMYND DAGSINS



20

NÝT

Í HLÉO

BIG SEXY
SPRITE ZERO KLAN
JÓIPÉ X KRÓLI
DANIIL

HÚSIÐ OPNAR 01:00

20 ÁRA ALD





24

T ÁR
GARÐI



Jägermeister



URSTAKMARK

MÍÐASALA Á TIX.IS



ÁRAMÓTABRENNNA

neðan Holtahverfis við Leirvog
á sama stað og árleg þrettándabrenna

KVEIKT VERÐUR Í
BRENNUNNI KL. 20:30

ÖLL MEDFERÐ SKOTELDA Á SVÆÐINU ER BÖNNUÐ



Mosfellsbær



Handknattleiksdeild

Wellington og hreindýr vinsælt á veisluborð landsmanna • Vínið best borið fram við 16-18°C

Vinir hittast og halda veislur...

Nú teljum við niður dagana til jóla og matarboðin í algleymingi. Vinir hittast og halda veislur, borða saman jólamat. Hér má finna skotheldar eldunarleiðbeiningar frá Geira í Kjötbúðinni og að sjálfsögðu rautt við hæfi.



Matarhorn
Mosfellings



STEIKIN LÁTIN STANDA ÁÐUR
EN HÚN ER BORIN FRAM

Hreindýravöðvi

- Berið olíu á vöðvann og síðan ferskt timjan, rósmarín, pipar og smá salt og setjið í plastpoka eða filmu í 4-8 tíma.
- Lokið steikinni á heitri pönnu í 2-3 mín á hlið.
- Setjið í 60°C heitan ofn þar til steikin nær 55°C í kjarnhita fyrir medium rare eða 58°C fyrir medium eldun.
- Látið steikina standa í ca. 8-12 mín eftir eldun áður en hún er borin fram. Vöðvarnir eru misstórir þannig að best er að leita upplýsinga um eldunartímann með hverjum bita.



VIÐ MÆLUM MED:
Ramon Bilbao Reserva
Kröftug vin með þéttu berjabragði. Dökkkirsuberjarautt. Þétt fylling, ósætt, fersk sýra, þétt tannín. Dökk kirsuber, plóma, mokka, eik. Verð: 3.299 kr.

Ungnauta Wellingtonlund

- Forhitið ofninn í 220°C, penslið lundina með eggjarauðum. Setjið lundina inn í ofninn þegar hann hefur náð 220°C, ekki fyrr.
- Eftir 15-10 mín, þegar deigið er orðið vel brúnt, lækkið þá hitann í 120°C og bíðið eftir að kjarnhitinn ná 52-55°C fyrir medium rare eða 58°C fyrir medium eldun.
- Látið steikina standa í ca. 8-12 mín eftir eldun áður en hún er borin fram.
- Ath. eldunartími er misjafn eftir stærð steikarinnar en meðalsteik tekur um ca. 35-40 mín í ofni.



VIÐ MÆLUM MED:
Masi Campofiorin
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, ósætt, fersk sýra, miðlungstannín. Þroskuð kirsuber, barkarkrydd, súkkulaði, sveit, eik. Verð: 2.999 kr.



LOKID STEIKINNI
Á HEITRI PÖNNU

GLEÐILEG JÓL & FARSÆLT KOMANDI ÁR

Við óskum þér hins besta
á nýju ári með þakklæti
fyrir hið liðna.

Hátíðarkveðja,

Malbikstöðin



MALBIKSTÖÐIN

WWW.MALBIKSTODIN.IS | SÍMI: 5160500



30 ár frá því fyrstu íbúarnir fluttu inn • Hjúkrunarsambýli við Reykjalund Afmælis- og aðventukaffi Hleinar

Mánudaginn 11. desember ar mikið húllumhæ á hjúkrunarsambýlinu Hlein við Reykjalund en þá voru 30 ár liðin frá því að fyrstu íbúarnir fluttu inn á Hlein.

Af því tilefni buðu íbúar og starfsmenn Hleinar til veislu sem var mjög vel sótt. Á meðal gesta voru aðstandendur, fyrrverandi starfsmenn Hleinar, stjórnarmenn Hleinar, starfsmenn Reykjalundar og ýmsir aðrir velunnarar sambýlisins.

Anný Lára Emilsdóttir, framkvæmdastjóri Hleinar, bauð gesti velkomna og Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri

SÍBS sem er eigandi Hleinar, hélt fallega ræðu um mikilvægi Hleinar og sérstöðunnar sem sambýlið hefur.

Guðrún Björt Yngvadóttir, fyrrverandi alþjóðaforseti Lions, færði heimilinu gjafabréf fyrir forlata Lotto/bingóvél, sem mun svo sannarlega nýtast íbúum og gestum.

Húsnæði Hleinar var byggt á árunum 1990-1992 að stórum hluta fyrir söfnunarfé sem Lionshreyfingin aflaði með sölu á Rauðu fjöðrinni. Studboltinn Góí Karlsson söng jóla-lög við eigin píanóundirleik og naut þar dyggs stuðnings Valgeirs Árna Ómarssonar, íbúa á Hlein.



GÓÍ GLEÐIGJAFI

*Óskum Mosfellingum
gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári*

VORVERK.IS

ÞVERHOLTÍ 2 | MOSFELLSBÆ | 665 7200

Verslunin í Kjarna er opin á Þorláksmessu kl. 10-20 og milli hátíða 27.-29. desember kl. 10-18.

Hefðbundinn opnunartími frá 4. janúar virka daga kl. 10-18. Vefverslunin alltaf opin.

HLÉGARÐUR
Á ÞORLÁKSMESSU

Skötu hlaðborð

...að hætti Vignis

Í HÁDEGINU

11:30
UPPSELT

13:30
ÖRFÁ SÆTI LAUS



Söltuð skata, kæst skata, tindabikkja,
plokkfiskur, spænskur saltfiskréttur, paella,
síld frá Eskifirði, heitreyktur lax, jóla-
grafinn lax, hangikjöts-tartalettur...

Borið fram með rúgbrauði, rófum,
kartöflum, hnoðmör, smjöri og hömsum.

LIFANDI TÓNLIST

Trúbadorinn og Mosfellingurinn Bjarni
Ómar mætir með gítarinn og flytur vel
valin lög úr lagasafni Bubba Morthens.

BORÐAPANTANIR Á TIX.IS





Starfsfólk Bankans Bistro þakkar fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða og óskar þér og þínum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Hlökkum til að taka á móti ykkur á nýju ári.

  **bankinnbistro**

ÁRAMÓTABINGÓ BANKANS BISTRO FIMMTUDAGINN 28.12.23 KL. 21:00




TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á
BANKINNBISTRO.IS

BINGÓSTJÓRI:
HILMAR MOSFELLINGUR



FASTUS



unbroken



BANKINN
BISTRO



BORGARI & BJÓR

3000 KR

*Á MEDAN Á LEIK STENDUR



BANKINN
BISTRO



MAGGI
HAFDAL

FÖSTUDAGINN
22. DES

ALLIR SEM MÆTA Í
JÓLAPEYSU FÁ
TVEIR FYRIR EINN
Á BARNUM

BANKINN
BISTRO

BANKINN
BISTRO

Bókasafn MOSFELLSBÆJAR

Óskar Mosfellingum gleðilegrar hátíðar
og farsældar á komandi ári.

Opnunartími bókasafnsins

23. des. - 12-16
25. - 26. des. - **LOKAÐ**
27. - 29. des. - 12-18
30. des. - 12-16
1. jan - **LOKAÐ**
opnum aftur 2. jan. 2024

Listasalur Mosfellsbæjar

Þakkar gestum og sýnendum fyrir árið sem er að líða

Hamingjuóskir til þeirra sem munu sýna árið 2024

Jakob Veigar Sigurðsson

Rebekka Jóhannesdóttir

Aileen Hammond og Lara Roje

Þorgerður Jörundsdóttir

Þórunn Bára Björnsdóttir

Ólöf Björg Björnsdóttir

Hanna Dís Whitehead

Magga Eddudóttir

List án landamæra



JÓLAKVEÐJUR FRÁ REYKJALUNDI

Starfsfólk og stjórn Reykjalundar sendir sjúklingum, skjólstæðingum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum hugheilar jóla- og nýárskeðjur. Þökkum kærlega fyrir samveru og samstarf á árinu um leið og við óskum öllum velfarnaðar. Reykjalundur lítur björtum augum til framtíðar!

Gleðileg jól & heillaríkt ár



Mosfellsbær óskar
bæjarbúum öllum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári

Við metum betur það sem við

Í einlægum viðtali við Ruth Örnólfsdóttur ræða þau um lífshlaup sín og hvernig veikindin hafa skert lífsgæði þeirra til muna.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eru algengustu einkenni COVID-19 hiti, hósti, kvefeinkenni, slappleiki og skyndileg breyting á lyktar- eða bragðskyni, sumir smitast þó án þess að sýna einkenni. Flestir ná sér af sjúkdómnum án sérstakrar meðferðar en aðrir eru því miður ekki eins heppnir.

Hjónin Bjarki og Elísa Henný hafa bæði glímt við eftirköst af COVID-19 en þau greindust árið 2020. Síðan þá hefur bati þeirra verið hægur en með tímanum hafa þau fundið jafnvægi á líðan sinni og geta því stjórnað orkunni í rétta átt.

Bjarki fæddist í Reykjavík 16. nóvember 1967. Foreldrar hans eru þau Valgerður Ingibjörg Jóhannesdóttir húsmóðir og Sigurður Sverrir Guðmundsson vélstjóri.

Bjarki á tvær systur, Bryndísi Margrét f. 1959 og Berglindi f. 1971.

Elísa Henný fæddist í Reykjavík 18. maí 1968. Foreldrar hennar eru þau Björg Magnúsdóttir skrifstofukona og Örn Henningsson tryggingamiðlari.

Elísa á tvo bræður, Magnús Helga f. 1964 og Hjört Örn f. 1976.

Dásamlegt að alast þarna upp

Bjarki og Elísa Henný eru bæði uppalin í Fossvogshverfinu fyrir utan fimm ár sem Elísa var búsett í Breiðholti en hún hélt samt áfram skólagöngu sinni í Fossvogsskóla. Fossvogurinn var að byggjast upp á þessum tíma og því mikið um að barnafjölskyldur væru að koma sér fyrir. Fjöldi barna var því ávallt úti að leika sér og það var margt um að vera. Þau eru sammála um að þarna hafi verið dásamlegt að alast upp.

Bjarki og Elísa kynntust þegar þau voru 14 og 15 ára gömul í Réttarholtsskólanum. Bjarki segist hafa verið búinn að gjóa á hana augum áður en hún veitti honum athygli. Leiðir þeirra lágu síðan saman í partí og þá tókust kynni með þeim fyrir alvöru.

Reyndasti leikmaður sögunnar

Þegar Bjarki var lítill strákur hafði hann lítinn áhuga á íþróttum en hann hjólaði mikið með félagum sínum og reyndi fyrir sér í knattspyrnu. Fjölskyldan fór mikið í útilegur og ferðalög á hans yngri árum og eins fór Bjarki í margar utanlandsferðir sjóleiðina með föður sínum en hann starfaði sem vélstjóri á millilandaskípum.

Áhugi hans á handbolta hófst þegar hann var sextán ára þegar skólabróðir hans Örnólfur Jónsson dró hann með sér á handboltaæfingu hjá Víkingi. Tveimur

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURIN
ruth@mosfellingur.is

árum síðar var Bjarki valinn í æfingahóp landsliðsins og fór hann með þeim víða um heim.

Bjarki er einn reyndasti leikmaður í sögu íslenska karlalandsliðsins í handknattleik en ferill hans spannar um 30 ár. Hann var valinn til að taka þátt í Ólympíuleikunum í Seúl í Kóreu árið 1988, hann spilaði með landsliðinu á HM í Frakklandi 1989 þar sem þeir urðu heimsmeistarar, úrvalsliði á HM í Svíþjóð 1993 og eins spilaði hann á móti Egyptum sama ár með heimsliðinu.

Besta tímabilið með Aftureldingu

Bjarki átti möguleika á að gerast leikmaður stærstu liða í Evrópu en sökum þess að hann var samningsbundinn hér heima þá gat hann ekki farið. Þegar samningur hans losnaði 1997 þá fékk hann tilboð frá Drammen í Noregi sem hann gat ekki hafnað. Bjarki bjó eitt ár í Noregi, átti frábært tímabil og endaði næst markahæstur. Hann fékk síðan tilboð frá Aftureldingu sem hann tók og á þessum tíma varð liðið þrefaldur Íslandsmeistari svo það má segja að Bjarki hafi þarna spilað sitt langbesta tímabil, með sínu heimaliði.

Ég spyr Bjarka hvort hann stundi einhverjar íþróttir í dag? „Já, ég stunda hjólaferðir, golf og skíði á veturna og svo fer ég í ræktina við og við, maður þarf að hafa eitthvað fyrir stafni,“ segir Bjarki og brosir.

» **Það er alveg hrikaleg vanlíðan á meðan þetta stendur yfir, næsta daga á eftir líður manni eins og það sé búið að soga úr manni alla orku.**

Íþróttirnar tóku alveg yfir

„Ég gekk í Fossvogs- og Réttarholtsskóla, á unglingsárunum var mikið um að vera og íþróttirnar farnar að taka yfir þannig að það fór kannski minna fyrir lærdóm á þeim tíma en með árunum þá fór maður að hafa meiri áhuga á námi. Á sumrin með skólanum starfaði ég hjá verktakafyrirtæki.

Frá Fjölbrotum í Armúla fór ég í Iðnskólann í Reykjavík í rafvirkjun, ég var mjög heppinn því ég fékk vinnu sem lærlingur hjá Rafver ehf. Eftir námið hélt ég áfram hjá þeim og starfaði sem rafvirkir í nokkur ár, þetta var frábær tími með fagmannlegu fólki.

Leið mín lá síðan í Háskóla Íslands þar sem ég tók diploma í rekstrar- og viðskiptafræði og í dag starfa ég sem viðskiptastjóri hjá Jónar Transport.“



Fóru til að styðja sitt lið

Elísa fór mikið í skíðaferðir á sínum yngri árum með stórfjölskyldunni á skíðasvæði Víkings en í útilegur og jeppaferðir á sumrin. Fjölskylda hennar var líka dugleg að fara á fótbolta- og handboltaleiki hjá Víkingi en þau fóru til að styðja sitt lið. Elísa fór líka í Vindáshlíð og var dugleg í skátastörfunum sem krakki.

„Við fjölskyldan bjuggum í blokk í Fossvoginum með svo skemmtilegu fólki sem við höfum enn samband við og það eru reglulega haldin Keldulandspartý. Við krakkarnir í blokkinni vorum alltaf saman, vorum meira að segja með okkar eigið fótboltalið með sér búningum og allt, þetta eru svo skemmtilegar minningar,“ segir Elísa og brosir.

Það var bara svo gaman að vera til

„Ég gekk í Fossvogs- og Réttarholtsskóla og mér fannst yfirleitt mjög gaman í skólanum. Ég var samt þínu kvíðin og þorði aldrei að mæta ein í skólann, mátti aldrei mæta of

seint og var mjög samviskusöm. Á sumrin með skólagöngunni starfaði ég í bæjarvinnunni, sem sendill og við afgreiðslustörf.

Mér fannst skemmtilegast á menntaskólaárunum í Menntaskólanum við Sund. Það var bara svo gaman að vera til, félagsskapurinn, tónlistin, allt dramað og hlátursköstin, við vinkonurnar getum endalaust rifjað upp þessi góðu ár og hlæjum enn. Ég fór svo í Háskóla Íslands í hjúkrun og eftir útskrift þá hef ég starfað hjá Sjúkrasamlaginu, Heilsugæslunni í Mosfellsbæ og Landspítalanum. Í dag starfa ég á skurðstofunum í Orkuhúsinu.

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á íþróttum þótt ég hafi ekki verið að æfa sjálf. Ég er mikið fyrir útivist, hef stundað hlaup og gengið á fjöll. Ég hef verið í skokkhópum og eins hef ég skokkað mikið með mömmu minni og Sesselju vinkonu sem hefur alltaf hvatt mig, sama hvað. Það er svo gott að búa hér í Mosfellsbæ með öll þessi fell í kringum okkur, hér eru dásamlegar skokk- og gönguleiðir.“



Fjölskyldan 2009, Elísa Henný, Örn Ingi, Kristinn Elisberg, Bjarki, Anna Katrín og Bjarki Stein.

Þö höfum í dag



Í HJÓLAFERÐ Í KRÓATÍU



MEÐ BARNABÖRNUNUM



ELÍSA SEX ÁRA



Í FENEYJUM



BJARKI EINS ÁRS

Oft fjör á stóru heimili

Bjarki og Elísa giftu sig árið 1990, þau eiga fjögur börn, Örn Inga f. 1990, Kristinn Elísberg f. 1995, Bjarka Stein f. 2000 og Önnu Katrínu f. 2003.

„Við höfum verið dugleg í gegnum tíðina að fara í útilegur með krakkana, þau elskuðu að fara í þessar ferðir svo fellihýsið hefur komið að góðum notum. Við höfum líka stundað útivist mikið, hjólaferðir, farið í göngur og á skíði

Öll börnin okkar hafa stundað íþróttir og við höfum verið mikið með þeim í kringum þær. Horfum mikið á íþróttakappleiki saman, hittumst svo í Hjallahlíðinni, borðum góðan mat og förum í pottinn. Það er oft mikið fjör á stóru heimili, trúðu mér,“ segir Elísa og brosir.

Einkennin ekki mikil í fyrstu

Bjarki og Elísa Henný greindust bæði með Covid í október 2020 en þau eru meðal þúsunda annarra Íslendinga sem glíma við langvarandi veikindi af slíkri sýkingu.

Einkenni Bjarka voru ekki mikil í fyrstu en hann fékk hita á fyrsta degi en eftir nokkra daga hvarf svo lyktar- og bragðskynið.

Elísa segir að veikindin sjálf hafi ekki verið svo slæm í fyrstu, bara þessi venjulegu flensueinkenni, hiti, höfuðverkur og slappleiki. „Ég hef aldrei misst bragðné lyktarskyn, Guði sé lof því ég elska að borða,“ segir Elísa og brosir.

Með sjúkrabil á bráðamóttökuna

„Eftir að ég greindist með Covid fór ég allt í einu að finna fyrir einkennum frá hjartanu sem ég hafði aldrei fundið fyrir áður,“ segir Bjarki. „Ég fór með sjúkrabil á bráðamóttökuna þar sem ég var rannsakadur í bak og fyrir og í ljós kom að ég er með hjartsláttartruflanir. Ég var settur á lyf og fór heim að rannsókn lokinni. Nú er ég undir eftirliti hjá hjartalækni sem metur stöðu mína hverju sinni.

Ég fæ slæm hjartaköst öðru hverju og það er ekki langt síðan ég fékk mitt versta kast. Ég svitna við minnstu áreynslu, hjart-

að pumpar hratt og svo ekkert og svo aftur hratt. Maður er orðinn næpuhvítur og með yfirliðstilfinningu, það er alveg hrikaleg vanlíðan á meðan þetta stendur yfir,“ segir Bjarki alvarlegur á svip. „Næstu daga á eftir líður manni eins og það sé búið að soga úr manni alla orku, svipað og maður hafi hlaupið heilt maraþon, maður er bara alveg búinn á því.

Vinnuveitendur mínir hafa sýnt þessu mikinn skilning á allan hátt, ég get unnið heima þegar ég þarf á að halda, fyrir það er ég mjög þakklátur.“

Ég hef það að leiðarljósi

„Mér var ráðlagt að fara rólega af stað sem ég gerði en fór svo til vinnu og fann að ég var enn slæm,“ segir Elísa. „Fékk einkenni eins og mikla mæði, höfuðverki, brjóstverki, heilapöku, málstol, mikið orkuleysi, skjálfta, svima og svo ágerðist þetta bara með tímanum.

Ári seinna eða í október 2021 þá krassa ég algjörlega, fer á Reykjalund í endurhæfingu og miklar rannsóknir. Starfsfólk Reykjalundar reyndist mér vel en mér fannst mjög erfitt að vera komin í þá stöðu að þurfa að fara þangað inn. Mér fannst að margir aðrir þyrftu þess miklu frekar en ég. Læknirinn minn sagði við mig að batinn yrði hægur næstu árin og ég hef haft það að leiðarljósi.

Ég var í veikindaleyfi fram í maí og byrjaði þá í 50% vinnu en er núna komin í 80%, ég vinn ekki á miðvikudögum, það er heilagur hvíldardagur hjá mér.

Vinnuveitendur mínir og samstarfsfólk hafa sýnt mér mjög mikinn skilning og stuðning, þau hafa passað að ég fari ekki fram úr mér og fyrir það er ég þakklát. Það er sigur fyrir mig að geta unnið, sumir hafa ekki getað mætt aftur til starfa eftir Covid.

Það koma auðvitað dagar þar sem ég hef ekki getað mætt og þá finnst mér að ég hafi tapað.“

» **Við höfum upplifað svo mikla góðsemi og væntumþykju frá fólki, fjölskyldum okkar, vinum, samstarfsfólki og fleirum, við erum bara orðlaus.**

Allt hverfur innan úr mér

„Batinn er upp á við en hægur, einkennin sem ég hef enn eru verkir, þyngsli í brjóst-kassa, höfuðverkur og mest orkuleysi. Þegar líður á daginn fer ég að tæmast að innan, allt hverfur innan úr mér og það er bara ekkert eftir. Ég þarf oft að taka verkjalyf og orkudrykki þegar ég kem heim sem ég gerði aldrei áður,“ segir Elísa.

„Ég hef verið að reyna að finna jafnvægi í þessu öllu saman frá því að ég greindist, er farin að stjórna okrunni því oft var það þannig að ef ég gerði of mikið einn daginn þegar mér leið vel þá þurfti ég að borga fyrir

HIN HLIÐIN

Hvar hittust þið í fyrsta sinn?

Aðalskóla landsins, Réttarholtsskóla.

Uppáhaldsjólamyndin?

Við erum mikið jólafólk og það er hefð hjá okkur að horfa á Die Hard á aðfangadag.

Bestu kaup sem þið hafið gert?

Fellihýsið, mikið notað öll sumur og krakkarnir elska það.

Hvað er það skemmtilegasta sem þið hafið gert?

50 ára skíðaferðin til Austurríkis og hjólaferðin 2021 til Króatíu eru ferðir sem standa upp úr.

Hver kom ykkur síðast á óvart og hvernig?

Kristinn og Aþena komu í heimsókn með rauðvinsflösku og einungis 3 glös, sem sagt voru að tilkynna óléttu.

Besta heilsuráðið?

Allt er gott í hófi og jákvæðni er mikilvæg.

Hvaða hlutur er ykkur kærastur?

Heiti potturinn, mikið notaður allan ársins hring af fjölskyldumeðlimum.

Hvort ykkar eldar oftast?

Elísa, eldar eiginlega alltaf.

það með því að liggja í rúminu í þrjú daga. Hvíld og orkusparnaður er það sem virkar til að líða betur. Ég get ekki lengur skokkað eða hreyft mig eins og ég vil og auðvitað hefur það áhrif á andlegu hliðina.

Eftir svona veikindi lærir maður að meta betur það sem maður hefur og það sem maður getur notið, fjölskylduna, góða vini, frábæra og skemmtilega vinnu, jóga og fleira til. Við eigum líka þrjú yndisleg barnabörn sem gefa okkur svo mikið, ég vildi að ég hefði meiri orku með þeim.“

Höfum upplifað mikla góðsemi

„Við Bjarki þekkjum marga sem eru að glíma við mikla erfiðleika í lífinu svo okkur finnst við bara vera heppin miðað við okkar aðstæður. Við horfum bæði björtum augum á framtíðina og stefnum að bata en til þess þarf mikla polinmæði. Standa með sjálfum sér, læra að slaka á og fá ekki móral yfir því að velja og hafna því sem maður gerir. Það getur verið svo erfitt að vera búin að plana eitthvað með fjölskyldu og vinum og þurfa svo að hætta við á síðustu stundu vegna veikindanna, þetta tekur virkilega á.

Við höfum upplifað svo mikla góðsemi og væntumþykju frá fólki, fjölskyldum okkar, vinum, samstarfsfólki og fleirum, við erum bara orðlaus. Við erum sannarlega rík að hafa allt þetta góða fólk í kringum okkur.“

Ég spyr hjónin í Hjallahlíðinni hvort þau vilji segja eitthvað að lokum. „Já, við óskum Mosfellingum öllum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári,“ og þar með kvöldumst við.



Ungmennafélagið Afturelding óskar Mosfellingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að liða og förum með eftirvæntingu inn í nýtt íþróttarár.



SIGURPÁLL MELBERG OG GÍSLI ELVAR
FORMAÐUR MEISTARAFLOKKSRAÐS

Kemur frá FA2000 í Danmörku • Stefnur á toppbaráttuna

Sigurpáll Melberg heim í Aftureldingu

Sigurpáll Melberg Pálsson hefur gert tveggja ára samning við Aftureldingu og mun spila með liðinu í Lengjudeild karla í fótbolta næsta sumar.

Sigurpáll er 28 ára varnar- og miðju- maður sem lék upp alla yngri flokkana hjá Aftureldingu. Sigurpáll kemur til Aftureldingar frá danska félaginu FA 2000 en hann lék áður með Fjölni, Fram og HK. Samtals hefur Sigurpáll skorað sex mörk í 100 leikjum í næstefstu deild á Íslandi á ferli sínum auk þess sem hann á átján leiki að baki í efstu deild.

„Ég hef fylgst náið með liðinu síðan ég

var hérna fyrir átta árum. Ég er hrikalega hrifinn af spilamennsku liðsins og hvernig þetta er innan sem utan vallar. Við eigum ekki að stefna á neitt annað en toppbaráttuna,“ sagði Sigurpáll eftir undirskriftina.

„Það er frábært þegar öflugir leikmenn sem eru uppaldir hjá Aftureldingu vilja koma aftur á heimaslóðir. Sigurpáll hefur æft með okkur undanfarnar vikur og fallið vel inn í hópinn. Sigurpáll er með mikla reynslu sem mun nýtast okkur vel í baráttunni í Lengjudeildinni næsta sumar,“ sagði Magnús Már Einarsson þjálfari Aftureldingar.

Jólasveinar í samstarfi við knattspyrnudeild

Jólasamstarf jólasveinanna og Knattspyrnudeildar Aftureldingar verður á sínum stað í ár. Heimsóknartíminn er aðfangadagur á milli kl. 10:00 og 14:00. Hægt er að láta þessa skemmtilegu jólasveina afhenda pakka. Setja í athugasemd upplýsingar um bíl/tegund/númer eða stað sem pakki er geymdur. Einnig má setja í athugasemd ef sérstakar óskir eru um tíma. Heimsóknin kostar 5.000 kr. en panta þarf í vefverslun Aftureldingar fyrir kl. 16:00 á Þorláksmessu.



SIGGI ORRI

Íslandsmeistari í línuklifri

Mosfellingar eignuðust á dögnum Íslandsmeistara í línuklifri en hann Sigurður Orri Óskarsson varð Íslandsmeistari í hópnum U16.

Siggi Orri er 14 ára gamall nemandi í Lágafellsskóla og hefur æft klifur í Klifurhúsinu í Ármúla í rúm fimm ár.

Mótið var haldið á sjö metra vegg í íþróttamiðstöð Fimleikafélagsins Bjarkar í Hafnarfirði.

Í undankeppninni var hægt að velja á milli átta mismunandi leiða með mismunandi erfiðleikastuðli. Þær tvær leiðir sem gáfu flest stig giltu til að komast inn í úrslitin.

Í úrslitunum þurftu keppendur svo að klifra nýja leið sem var sú erfiðasta í keppninni og var Siggi Orri sá eini í sínum flokki sem náði á topp úrslitaleidarinnar.



**AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR**



JAKO
SPORT ÍSLANDI

WorldClass
ICELAND

18 STÖÐVAR

8 SUNDLAUGAR

Mosfellsbær

Ný námskeið að hefjast
og yfir 50 opnir tímar á viku

Súperform 8. JANÚAR

67+ 9. JANÚAR

Infrared Fit Pilates 9. JANÚAR

Skráning og nánari upplýsingar á worldclass.is

Lionsklúbburinn Úa Fréttir frá aðventu

Meðlimir Lionsklúbbsins Úa hafa notið aðventunnar og haft margt fyrir stafni líkt og algengt er á þessum tíma árs.

Helst má nefna að mikil áhersla hefur verið lögð á að útbúa og selja vistvænar greinar fyrir leiði. Úur hittast á Tungubökkum með efni í leiðisgreinar og ótrúlegt hversu margir möguleikar eru á að útbúa fallegt vistvænt skraut á greinarnar enda margar mjög skapandi konur innan klúbbsins.

Eftirspurn eftir leiðisgreinum hefur verið góð og er fólk hvatt til að muna eftir þessari árlegu og mikilvægu fjárfloflun klúbbsins.

Aðventustund og jólagleði

Sem fyrr láta Úur gott af sér leiða og þann 10. desember var Lionsklúbbunum í Mosfellsbæ boðið að taka þátt í aðventustund í Lágafellskirkju en þar afhentu klúbbarnir formlega styrki til Hjálparsjóðs

Lágafellssóknar og nutu hátíðlegrar stundar. Þess má geta að sama dag áttu Úur 16 ára afmæli.

Úur héldu jólagleði í safnaðarheimili Lágafellssóknar en þar komu Lea Björk og

Þórey frá Tónlistarskóla Mosfellsbæjar og spiluðu og sungu við frábærar undirtektir.

Steingerður Steinarsdóttir ritstjóri hélt fyrirlestur um Samhjálp og var það mjög lærdómsríkt og gott að heyra hversu mikil

vinna er unnin í sjálfboðaliðastarfi til að hjálpa þeim sem minna mega sín. Úur gæddu sér á jólamat frá Grillvagninum og skiptust á pökkum. Þetta var á allan máta hið yndislegasta kvöld.



Afturelding hirðir jólatré 10.-11. janúar

Meistaraflokkur handknattleiksdeildar Aftureldingar mun aðstoða íbúa við að losa sig við jólatré sín eftir jólahátíðina.

Ekið verður um bæinn og jólatré hirt sem sett hafa verið út fyrir lóðarmörk miðvikudaginn 10. janúar og fimmtudaginn 11. janúar.

Íbúar geta einnig losað sig við jólatré á endurvinnslustöð Sorpu við Blíðubakka án þess að greiða fyrir.

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Sérniðin þjónusta til
byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505



Við sendum félagsmönnum okkar og fjölskyldum þeirra hugheilar kveðjur um gleðilega hátíð og farsæld á komandi ári

Þökkum samstöðuna á árinu sem er að líða.



Jólaeveðja, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar

Íþróttafólk Aftureldingar


Íþróttafólk Aftureldingar 2023 verður kunnngert á uppskeruhátíð félagsins í Hlégarði.

27. DESEMBER KL 18:00

Afreksfólki Aftureldingar sem skaraði framúr verða veitt verðlaun, ásamt því að valið er lið ársins, vinnuþjarkur ársins og margt fleira



Íþróttafólk Aftureldingar 2022
Thelma Dögg og Georg Bjarnason



Að breyta heiminum

Ævintýrleg saga um að finna eigið hugrekki - og í leiðinni jafnvel tilganginn með öllu saman.

„Skemmtilega öðruvísi bók.“

Rebekka Sif – Lestrarklefinn

Ingibjörg Valsdóttir lauk MA-prófi í hagnýtri ritsjórn og útgáfu frá Háskóla Íslands. Ingibjörg er gefin fyrir lestur, spjall og almenn notalegheit. Hennar uppáhaldsiðja er að skrifa og þýða.



Förgum flugeldarusli



Íbúar geta skilað flugeldarusli í gám sem staðsettur verður á bílplani þjónustustöðvar við Völuteig 15 dagana 1. og 2. janúar.

Mosfellingar eru hvattir til að taka til flugeldarusli og koma því í förgun.

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700



PÍLA OG BAR


HÓTEL LAXNES

Gleðilega jólahátíð

Starfsfólk á Ásláki og Hótel Laxnesi



Áslákur

alvöru sveitakrá - Mosó s: 566 6657

Við óskum ykkur
gleðilegra jóla og
þökkum viðskiptin á
árinu.



Stelpurnar á
Aristó hárstofu
Sími 5668989
Noona.is/aristohars



1. áfangi Blikastaða- lands



Bæjarstjórn Mosfellsbæjar kynnir skipulagslýsingu fyrir nýja íbúðabyggð að Blikastöðum. Um er að ræða fyrsta áfanga svæðis.

Áhersla er á samspil byggðar og náttúru, fjölbreyttar samgöngur, blágrænar ofanvatnslausnir, samfélagsleg gæði, gæði byggðar og spennandi uppbyggingu við Blikastaðabæinn.

Kynntu þér lýsinguna á mos.is eða á skipulagsgatt.is

Umsagnafrestur er til 15. janúar 2024

Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700

ÞRETTÁNDATÓNLEIKAR

Í HLÉGARÐI LAUGARDAGINN 6. JANÚAR

STORMSVEITIN



HINIR ÁRLEGU ÞRETTÁNDATÓNLEIKAR STORMSVEITARINNAR FARA FRAM
Í HLÉGARÐI, MOSFELLSBÆ, LAUGARDAGINN 6. JANÚAR

Sveitina skipa 20 manna karlakór og 5 manna rokkhljómsveit
sem leikur í bland rokktónlist og þjóðlög í rokkbúningi.

Hljómsveitina skipa Arnór Sigurðarson trommur og er hann einnig tónlistarstjóri og kórstjóri, Jens Hansson sax og hljómborð, Daníel Máni Konráðsson gítar, Þórir Úlfarsson píanó og hljómborð og Þorsteinn Gunnar Friðriksson bassi.

MIÐASALA Á TIX.IS



STYRKJUM ÖFLUGT SJÁLFBODALÍÐASTARF Í OKKAR HEIMABYGGÐ



NETVERSLUN

opin allan sólarhringinn
www.kyndill.flugeldar.is
Afhending á vörum 28.-31. des. í Völuteig



BJÖRGUNARSVEITIN
KYNDILL
MOSFELLSBÆ



OPNUNARTÍMI:

28. DES. 10-22
29. DES. 10-22
30. DES. 10-22
31. DES. 10-16



Sölustaðir eru að Völuteigi (björgunarsveitarhúsið) og á KFC bílplaninu við Háholt 9



Allt í einum kassa

Nýir tertukassar

Melkorka, Þórólfur,
Sturla og Bárður



Njáll, Kjartan
og Skallagrímur



Guðrún, Ólöf ríka
og Björgunarskip



Nýir þægilegir tertukassar - fullir af fjörugum kappatertum

Við óskum öllum
Mosfellungum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs

Sjálfstæðisfélag
Mosfellinga



Ístex óskar öllum landsmönnum
gleðilegra jóla og farsældar á
komandi ári

www.istex.is

SKATAN ER HJÁ OKKUR



**ÞÖKKUM
VIÐSKIPTIN
Á ÁRINU**

GLEÐILEG JÓL

**OPIÐ:
KL. 10-18.30
ALLA VIRKA DAGA**

JÓLAHUMAR - KÓNGARÆKIUR - HÖRPUDISKUR
OPIÐ Á ÞORLÁKSMESSU KL. 10-17



**Fisk-
búðin
Mos**

HÁHOLTI 13-15
SÍMI 578 6699

**Njótum samveru
með fjölskyldunni
á tímamótum**



SAMAN



Mosfellsbær



**LJÓ SIN TENDRUÐ
Á MIÐBÆJARTORGINU**



Myndir/RaggiÓla



Opnunartími yfir hátíðarnar

20. DES.	MÍÐVIKUDAGUR	10:00-18:30
21. DES.	FIMMTUDAGUR	10:00-18:30
22. DES.	FÖSTUDAGUR	10:00-18:30
23. DES.	ÞORLÁKSMESSA	10:00-18:00
24. DES.	AÐFANGADAGUR	09:00-12:00
25. DES.	JÓLADAGUR	LOKAÐ
26. DES.	ANNAR Í JÓLUM	LOKAÐ
27. DES.	MÍÐVIKUDAGUR	10:00-18:30
28. DES.	FIMMTUDAGUR	10:00-18:30
29. DES.	FÖSTUDAGUR	09:00-19:00
30. DES.	LAUGARDAGUR	10:00-18:00
31. DES.	GAMLÁRSDAGUR	09:00-13:00
1. JAN.	NÝÁRSDAGUR	LOKAÐ
2. JAN.	ÞRIÐJUDAGUR	LOKAÐ

Gleðileg jól
þökkum
viðskiptin
á árinu sem
er að líða

Gjafabréf
KJÖTBÚÐIN

Gjafabréf frá Kjötbúðinni
Tilvalið í jólapakkann



KJÖTBÚÐIN

www.kjotbudin.is

SUNNUKRIKA 3 - MOSFELLSBÆ
GRENSÁSVEGI 48 - REYKJAVÍK



HREINT KJÖT
100%
ENGIN VIÐBÆTT
AUKAEFI

Jólasöngur Mosfellsbæjarbarna

Mosfellingi barst þetta skemmtilega jóla-kvæði sem Gunnar J. Straumland kennari samdi fyrir nemendur sína í Varmárskóla á aðventunni.

Hægt er að raula kvæðið við sama lag og Jólaveinar einn og átta, og sjálfsagt fleiri lög, eða kveða við lagboða nr. 2 í lagboðum lðunnar (Svefninn býr í augum ungum).

I

Jólastúlkur, jóladrengir,
jólum fagna í holti nær.
Jólaandinn jólin tengir
jólabornin okkar nær.
Mosfellsbæjarbörnin hlakka
býsna mörg til jólanna,
gleðja aðra, gefa pakka,
ganga sæl til bólanna.

II

Börnin okkar brosa harla
blítt af gleði í jólafönn.
Reisa úr snjónum káta karla
það kallast jólagleði sönn
að lynda við og leyfa öllum
að leika með á völlum.
Dátt þau syngja í draumhöllum
svo dynur hátt í fjöllum.

III

Þegar nálgast nóttin helga
þau njóta þess að vera til.
Fjör og gleði fylla huga
faðma sál með jólayl.
Bros og gleði er barna siður
blítt er líf hjá krökkunum
því nú eru ást og friður
í öllum jólapökkunum.

Gunnar J. Straumland

Jóla-kveðja frá Framsókn

Kæru Mosfellingar

Mundu að þú hefur ómeðvitað og óviljandi áhrif á alla þá sem þú kemst í snertingu við. Í gegnum orð þín og gerðir, með brosi þínu - já meira að segja með þögninni - með allri persónu þinni.

Ók. höf.

Okkur í Framsókn langar að óska ykkur, kæru sveitungar, gleðilegra jóla, hamingju og góðrar heilsu á nýju ári.

Njótum hverrar stundar því lífið er langt frá því að vera sjálfsagt. Lífið er í raun stærsta gjöf sem hver og einn fær. Verum leiðtogar í eigin lífi og starfi.

Góð samskipti skipta þar miklu máli, þau auðga okkur sjálf og á sama tíma bætum við líka líf annarra. Það er því mikilvægt að vanda okkur á meðan við lifum lífinu með



því að draga fram það jákvæða og fallega í kringum okkur og laða að það góða. Hugum að náunganum og látum þá sem okkur þykir vænt um vita af því.

Eigið góða daga og megi gæfan umvefja ykkur

Með jóla-kveðju, bæjarfulltrúar Framsóknar

*Óskum Mosfellingum
gleðilegra jóla*

**Þökkum innlitið og samstarfið
á árinu sem er að líða.**

Starfsfólk Gljúfrasteins

Gljúfrasteinn
HÚS SKÁLDSINS
Karven

Aðalbókari Mosfellsbæjar



Við leitum að öflugum einstaklingi í starf aðalbókara Mosfellsbæjar

Fjármála- og áhættustýringarvið Mosfellsbæjar hefur yfirumsjón með allri fjármálastjórn bæjarins. Sviðið hefur með höndum fjárstýringu, reikningshald og bókhald, yfirumsjón með fjárhagsáætlun, lánastýringu, umsjón með gjaldskrá, innkaup, eftirlit með fjárhagstengdum samningum ásamt fjárhagslegu áhættumati.

Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi Mosfellsbæjar, stýrir bókhaldsvinnu sveitarfélagsins, gerð uppgjors, þróun verkferla og stýringu fjárhagsupplýsingakerfa. Fjárhagskerfi Mosfellsbæjar er Microsoft Dynamics 365 Business Central (NAV).

Frekari upplýsingar um starfið veitir Pétur Jens Lockton, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Mosfellsbæjar, í gegnum netfangið petur@mos.is.

Ítarlegt yfirlit yfir helstu verkefni, hæfni og menntunarviðmið fyrir starf aðalbókara er að finna á ráðningarvefnum www.alfred.is, þar sem umsóknum skal skilað eigi síðar en 2. janúar 2024.

Mosfellsbær leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið, óháð kyni, fötlun eða menningarlegum bakgrunni.

Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700





AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - www.aftak.is

FJALS

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM



B. Markan ehf.
Pípulagnir

660 6690

www.bmarkan.is



www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

**FÓTAÆÐGERÐASTOFA
MOSFELLSBÆJAR**

Pverholti 3 - Sími: 566-6612



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2024

Meirihluti Framsóknarflokksins, Samfylkingar og Viðreisnar hefur samþykkt fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2024.

Það vakti mikla athygli að meirihlutinn lagði fram 14 breytingartillögur um eigin fjárhagsáætlun á milli umræðna, sem er einsdæmi og lýsir það kannski best hversu ósamstuga meirihlutinn er og sérkennilegum undirbúningi áætlunarinnar.



komandi kjarasamningsviðræður, auk þess að vera almennt íþyngjandi fyrir bæjarbúa í núverandi efnahagsástandi.

Það gengur hægt að þoka framkvæmdum í Mosfellsbæ áfram, lóða-útlutanir hafa ítrekað dregist á langinn, bygging leikskóla í Helgafelli verður 1-2 árum á eftir áætlun, auk þess sem algjör

óvissa ríkir um hvenær nauðsynlegar löngu ákveðnar framkvæmdir á íþróttasvæðinu að Varmá fari í gang.

Samstarf Aftureldingar og Mosfellsbæjar er ekki í góðum farvegi eftir að forsvarsmenn Aftureldingar sögðu sig frá samstarfi við bæinn vegna samstarfsörðugleika við meirihlutann og er sú staða óásættanleg.

Á vegum bæjarins hafa verið settir á stofn ýmsir starfshópar, ráðnir hafa verið verkefnastjórnar í alls konar verkefni sem sum hver er þegar búið að vinna innan sviða Mosfellsbæjar, en það dugir ekki til því pólitískt þor er ekki fyrir hendi hjá meirihluta Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar til að taka mikilvægar ákvarðanir.

Þessi vinnubrögð gera það að verkum að áætlunir raskast með tilheyrandi óþægindum og kostnaðarauka fyrir skattgreiðendur í Mosfellsbæ.

Í rekstri ört stækkandi sveitarfélags eins og Mosfellsbæjar, þarf öflugan, samheldinn og ábyrgan meirihluta sem þorir að taka erfiðar pólitískar ákvarðanir og standa með þeim, og láta verkin tala.

Bæjarfulltrúar D-lista í Mosfellsbæ munu áfram styðja góðar tillögur meirihlutans og hvetja þau áfram til góðra verka. Við munum einnig halda áfram að koma okkar tillögum og stefnumálum á framfæri og leggja þannig okkar af mörkum til að áfram verði best að búa í Mosfellsbæ.

Ég sendi bæjarbúum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Asgeir Sveinsson
bæjarfulltrúi
oddviti D-lista

Njótum í núinu

Það er auðvelt í amstri hversdagsins að detta í sjálfstýringuna og sérstaklega í kríngum hátíðirnar.

Mikilvægt er að við gefum sjálfum okkur þá gjöf að staldra við, draga djúpt andann og taka inn augnablikid. Upplifa og njóta líðandi stundar.



Óskipta athygli án þess að koma með óumbeðin ráð, stundum þarf nefnilega bara einhvern til að hlusta. Skipuleggjum samverustundir með fólkinu okkar, gerum eitthvað skemmtilegt og ekki er verra að hlæja saman. Sköpunum dýrmætar minningar.

Veitum athygli

Allt sem við veitum athygli vex og dafnar. Veitum börnunum okkar óskipta athygli, hlustum á þau, verum áhugasöm og tökum virkan þátt í lífi þeirra. Þannig veitum við þeim gott veganesti út í lífið og munið líka að við fullorðna fólkið erum þeirra helstu fyrirmyndir. Veitum sjálfum okkur athygli, leyfum okkur að njóta og slaka á. Við þurfum ekki að gera allt í einu, einbeitum okkur að því sem við erum að gera þá stundina og veitum því athygli. Finnum fyrir eigin líðan og tilfinningum án þess að dæma. Þannig getum við öðlast innri ró sem gerir okkur auðveldara að takast á við áreiti daglegs lífs.

Lifum og njótum

Gefum okkur tíma með sjálfum okkur þar sem við fjarlægjum okkur frá áreiti hvers konar. Við getum t.d. farið í göngu, fundið hvernig veðrið leikur við andlitid, andað að okkur hreina loftinu, upplifað fegurð náttúrunnar, hvernig við segjum skilið við áhyggjur og byggjum upp nýja orku innra með okkur. Hlustum á ástvinu okkar og veitum þeim

Gerum góðverk

Góðverk er hægt að gera á margvíslegan hátt, allt eftir efnum og aðstæðum hverju sinni. Gefum af sjálfum okkur, við höfum öll ýmislegt að gefa. Ræktum sambandið við ástvinu okkar og heimsækjum og/eða spjöllum við þá sem eru einmana. Við getum látið eitthvað af hendi rakna til þeirra sem minna hafa á milli handanna. Aðstoðum aðra, þarf ekki að vera meira en að halda hurð opinni! Þjóðum góðan daginn og brosum - góðverk þurfa nefnilega ekki að kosta neitt en gleðja bæði þann sem nýtur og þann sem gefur.

Á þessum nótum óskum við, sem stöndum að Heilsueflandi samfélagi í Mosfellsbæ, ykkur gleðilegra jóla og hamingju og gleði á komandi ári um leið og við þökkum hjartanlega fyrir samstarfi á liðnum árum. Lífið heil!

Ólöf Kristín Sívertsen, lýðheilsufræðingur og verkefnisstjóri Heilsueflandi samfélags í Mosfellsbæ



HEILSUVIN Í MOSFELLSBÆ



ÞRETTÁNDINN

í Mosó

Hin árlega þrettándabrenna Mosfellsbæjar verður haldin **laugardaginn 6. janúar** 2024

Blysför leggur af stað frá Miðbæjartorginu kl. 17:30

Haldið að brennunni sem er á sama stað og venjulega, neðan Holtahverfis við Leirvoginn. Dagskrá við brennu hefst kl. 18:00

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og Stormsveitin sjá um tónlistina.

Álfakóngur, álfadrottning, Grýla, Leppalúði og þeirra hyski verða á svæðinu.



Mosfellsbær
Björgunarsveitin Kyndill
Stormsveitin
Leikfélag Mosfellsveitar
Skátafélagið Mosverjar
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar

Glæsileg flugeldasýning!

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ ÞVERHOLT



Arnór "Nóri" tók þátt í Rímnaflæði fyrir hönd Bólins í nóvember og bar sigur úr þitum. Rímnaflæði, rappkeppni unga fólksins, var fyrst haldin í Miðbergi árið 1999. Keppnin hefur verið stökkpallur ungra og efnilegra rappara úr félagsmiðstöðvum til að skapa sér nafn í tónlistarheiminum.

Þess má til gamans geta að þetta er þriðji sigurvegarinn sem kemur frá Bólinu!

Félagsmiðstöðin Bólið

Óskar öllum unglingum, foreldrum og öðrum Mosfellingum gleðilegra jóla & þökkum frábaera samveru á árinu sem er að líða!

 @bolid270 & bolid.is

HEILSUMOLAR GAUA



ALMENNINGS EÐA AFREKS?

Við erum svo heppin að það eru til einstaklingar eins og Vésteinn Hafsteinsson sem var í ársbyrjun ráðinn afreksstjóri ÍSÍ, en hann er með mikla reynslu af því að þjálfa afreksmenn í frjálsum íþróttum, meðal annars ólympíumeistara.

Ekki allir er ánægðir að Íslendingar séu að leggja svona mikla áherslu á að búa til íþróttamenn í fremstu röð. Segja að við ættum frekar að leggja meiri áherslu á að fá almenning til að æfa og hreyfa sig.

Ég hlustaði fyrir stuttu á viðtal við Véstein útskýra afreksstefnuna. Ástæðan fyrir því að samfélög ættu að leggja áherslu á að byggja upp og styðja við afreksíþróttafólk væri að afrekin sameina okkur og efla sem hóp. Rannsóknir sýna það og við þurfum svo sem engar rannsóknir, við vitum þetta. Við vitum öll hvað það er gaman þegar íslensku landsliðin og íþróttafólkið okkar gerir vel.


Við í Mosfellsbæ vitum þetta líka - mæting bæjarbúa á úrslitaleiki og stemmingin í bænum þegar liðin okkar eru í toppbaráttu sýnir það skýrt. Þau eru fulltrúar okkar, eru að keppa fyrir okkar hönd, leggja á sig fórnir og erfiði fyrir okkar hönd og við kunnum að meta það.

Árangur okkar fólks er líka áhvatning fyrir okkur hin að æfa og hreyfa okkur. Það byrja til dæmis fleiri að æfa handbolta í yngri flokkunum þegar meistaraflokkunum gengur vel.

Og það sem kannski mörgum kemur á óvart, Vésteinn segir bestu og farsælustu afreksstefnuna byggjast á því að leyfa efnilegum íþróttabörnum og -unglingum að stunda fleiri en eina íþrótt fram til allavega 15-16 ára aldurs. Þau eiga að hafa gaman af því að æfa og keppa og fá frelsi til þess að lifa eðlilegu lífi, alls ekki byrja að sérhæfa sig eða fórná öllu fyrir mögulegan árangur í einni íþrótt of snemma.

Svarið við spurningunni, almennings eða afreks, bæði takk!

Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is



Uppskera ársins

Það er komið að þessum skemmtilega tíma ársins þar sem við förum yfir uppskeruna okkar.

Árið hjá Aftureldingu er búið að vera bæði gott og erfið. Í vor uppskárur við bikarmeistaratitil í handboltanum eftir ansi langt hlé, stelpurnar stoppuðu stutt í Grillinu og eru komnar aftur í efstu deild og strákarnir í fótboltanum náðu sínum besta árangri en fóru ekki upp um deild þó svo að þeir hafi endað í 2. sæti. En við förum betur yfir þetta allt saman á uppskeruhátíðinni 27. desember.

Þegar ég horfi til baka yfir árið þá finnst mér þetta hafa verið mitt erfiðasta ár sem formaður Aftureldingar, en ég held að því sé um að kenna að við erum með mikla vaxtarverki í félaginu. Það fylgir því þegar bæjarfélagið stækkar og iðkendum fjölga að við erum öll að berjast um sömu krónurnar og að aðstöðumálin þurfa að fylgja með.

Betri árangur og þátttaka í efstu deildum kallar á betri aðstöðumál. Það kallar líka á fleiri hendur af okkar hálfu, hvort sem er sjálfbodaliðar á leiki eða starfsfólk á skrifstofu. Við til dæmis slógum hvert metið á fætur öðru í fjölda áhorfenda í vor og sum-



ar bæði í handbolta og fótbolta, og umgjörðin maður minn hjá þessum ráðum var til fyrirmyndar.

Það stærsta í aðstöðumálum fram undan er að fá gervigras á gamla aðalvöllinn sem er langþráð og verður allt annað líf. Við vonum svo að björtustu vonir haldi og við verðum komin af stað með þjónustubyggingu og stúku áður en langt um líður.

Þó svo að það hljómi þannig að við í Aftureldingu séum aldrei kát og ekkert sé nógu mikið fyrir okkur þá erum við mjög þakklát fyrir allt sem er gert í aðstöðumálunum okkar, það er mjög myndugt framlag bæjarins á árinu 2024 til aðstöðumála og það að fá styrktarþjálfunaraðstöðuna aðlagða að afreksstarfinu okkar er því líklyftistöng.

Aðstöðuvandinn er hins vegar uppsafnaður vandi og það verður að segjast alveg heidarlega að það er rosalega slítandi að vera alltaf að berjast fyrir sömu hlutunum aftur og aftur og aftur.

Ég ætla rétt að vona að núna sé að koma fram tímalína framkvæmda við Varmá þannig að við í Aftureldingu getum farið að sinna okkar innri uppbyggingu af því að allt

okkar þúður hefur farið í aðstöðumál og að bregðast við bráðavanda undanfarin ár.

Ég er búin að vera í aðalstjórn í tæp 9 ár og formaður Aftureldingar í tæp 6 ár, ég hef lagt mig alla fram um að vinna af heidarleika fyrir Aftureldingu og tel mig geta horft stolta til baka.

Ég veit að ég er ekki alltaf vinsæl og það getur verið sárt þegar fólk hættir tímabundið að heilsa mér út af erfiðum ákvörðunum sem snúa að heildinni, en ef ég væri í vinsældakeppni þá væri ég örugglega ekki búin að vera svona lengi. Mér þykir undurvænt um félagið mitt og ég hreinlega elska að sjá það vaxa.

Ég met það svo að það sé kominn tími á aðra rödd í forsvari félagsins og ég mun hætta sem formaður á næsta aðalfundi. Ég veit að það er alltaf erfiðara og erfiðara að fá sjálfbodaliða en ég vona svo innilega að einhver góð(ur) taki að sér að taka við keflinu.

Ég hlakka til að sjá ykkur á uppskeruhátíð félagsins milli jóla og nýárs og óska þess að þið eigið öll gleðileg jól.

Áfram Afturelding.

Birna Kristín Jónsdóttir,
formaður Aftureldingar

Af vettvangi sveitarstjórnarmála

Nú er liðið eitt og hálf ár af kjörtímabilinu og fyrir græningjann er gott að líta yfir farinn veg. Þessi tími hefur verið krefjandi en umfram allt áhugaverður og lærdómsríkur.

Það er ákveðin upplifun að fá brautargengi inn í bæjarstjórn og vera treyst fyrir því að taka ákvarðanir fyrir hönd fólksins í bænum. Ég hef nálgast verkefnið á þann veg að starfa í þjónustu samfélagsins, en þannig var mér seld hugmyndin að því að gefa kost á mér.

Verkefnin

Áður en aðild að sveitastjórnarmálum kom til var ég svona temmilega áhugasöm um málefni sveitarfélagsins en núna velti ég öllu fyrir mér. Við hjónin höfum tekið ófáa rúnta þar sem þessi framkvæmdin og hinn húsgrunnurinn er skoðaður.

Allt í einu er ég komin á kaf í skýrslur um urðun sorps á Álfsnesi, hvernig sé best að úthluta lóðum, hvernig lýsing eigi að vera í bænum (LED eða ekki), hvað Strategía leggur til í breytingum á skipuriti, hvort sorpið sé losað í dag eða á morgun. Að ég



tali ekki um flokkun á sorpi (sem reynist mér mikill hausverkur) en maðurinn minn hefur sem betur fer tekið verkefnið fastari tókum en ég.

Svo koma aðrir hlutir eins og fjárfestingaráætlun og fjárhagsáætlun heils sveitarfélags. Þá er maður boðaður á undirbúningsfund þar sem fyrir liggja glærur í tugatali og enn fleiri blaðsíður af fjárhagsáætlun komandi árs. Svo þarf að kafa ofan í öll gögnin, skoða og ekki síst að mynda sér skoðun á þessu öllu saman. Ég viðurkenni það fúslega að mér féllust hendur á þessum fyrsta undirbúningsfundi sem fór fram fyrir ári síðan.

Reglurnar

Svo eru það reglurnar og það er nú eins gott að læra þær! Til allra funda er boðað með tilteknum hætti, með lögbindnum fyrirvara og hefðbundinni dagskrá ... og það er alveg nóg af fundum. Kosturinn er sá að þeir eru haldnir innan tiltekins tímaramma og það er gengið út frá því að fólk mæti undirbúið.

Bæjarráð fundar til dæmis einu sinni í viku í 90 mínútur í senn og með góðu skipulagi er hægt að keyra mörg mál í gegn. Einu fundirnir sem eru án hefðbundins tímaramma eru fundir bæjarstjórnar. Þá er hægt að sjá í beinu streymi og eftir á á Youtube og það hef ég nýtt mér það óspart. Það er lærdómsríkt að skoða gamlar upp-tökur og læra formið og tungumálið.

Fyrsta árið og rúmlega það fer í að læra á umhverfið og aðlagast vinnubrögðunum, það á ekki bara við um mig heldur svotil allt nefndafólk í mínu framboði. En nú er festan komin.

Við erum búin að læra hvernig hlutirnir virka og til hvers er ætlast af okkur. Við hlökkum til nýs árs og þess að vinna að hagsmunum bæjarins.

Fyrir mína hönd og míns hóps óska ég bæjarbúum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ár.

Dagný Kristinsdóttir
bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar

Líflegt starf í hestamannafélaginu

Það hefur verið venju fremur líflegt í hesthúshaverfinun í haust, enda veður verið milt og gott.

Krakkarnir í félagshúsinu eru komin á fullt í sinni hestamennsku, námskeið fyrir þau og önnur börn í félaginu hafa farið af stað með krafti og haustið er notað vel jafnt til útreiða og þjálfunar hrossa og uppbyggingar ungu knapanna sjálfra.

Hópur í endurmenntunarnámi við LBHÍ sem heitir reiðmaðurinn hefur verið við nám hér í Herði í haust og heldur áfram



í vetur, 14 kátar Harðarkonur í þeim hressa hóp hafa lífgað upp á lífið í hverfinu. Framhaldsskólinn er sem fyrr með kennslu í reiðhöllinni og alltaf gaman að sjá þá nemendur blómstra sem hafa kosið sér hestamennsku sem fag í skólanum.

Dagskráin fram undan er þétt og glæsileg, námskeið og sýnikennslur, mót og alls konar samvera halda hestamönnum á öllum aldri í Mosfellsbæ við efnið fram á vor. Í sumar er svo Landsmót hestamanna í Reykjavík og við í Herði

ætlum enn fremur að halda hér Íslandsmót barna og unglinga dagana 19.-21. júlí, mikil tilhlökkun að takast á við það verkefni sem verður án efa skrautgjöf fyrir bæjarfélagið. Verið er að vinna að endurbótum á keppnisvellinum svo við verðum sem best undir það búin að halda þetta stóra mót.

Fyrir hönd hestamanna í Herði óska ég öllum Mosfellingum og nærsveitarmönnum gleði og friðar um jól og áramót. Megi nýtt ár verða gott og gjöfult.

Margrét Dögg Halldórsdóttir formaður Harðar

Vegna mikillar sölu leitum við að öllum gerðum eigna í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við Jón Rafn í síma 695 5520 eða með tölvupósti jon@miklaborg.is eða við Óskar í síma 691 2312 eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

MIKLABORG

Með þér alla leið

Bókið skoðun og fáið frítt verðmat

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



Jón Óskar

Óskar S. Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is



569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Stöðuuppfærslur

in your face 



Hafdis Hallgrimsdóttir
Íslendingar

eru einstaklega vanafastir í bókakaupum sínum: Arnaldur, Yrsa og Ólafur Jóhann. En sú bók sem helst hefur komið á óvart er Frasabókin.

19. des



Oktavía Tara Dóttir Kalla

Ég vil ekki enda árið með einhver úppgerð leiðindi sem hafa orðið á árinu 2023.

Ég vil gefa öllum tækifæri sem telja sig eiga einhver úppgerð mál við mig að biðja mig afsökunar innan 2 sólahringa svo við getum farið inni nýtt ár með gleði í hjarta & allir vinir <3

17. des



Gunna Stína Einarsdóttir

Hrós dagsins fær hugmyndin: Jólamarkaður í Hlégarði.

Klárlega viðburður sem er komin til að vera því að Mosfellingar sannarlega þyrptust í Hlégarð á markaðinn og úrvalið var frábært og tónlistarfólk og meira að segja jólasveinar mættu aðeins á undan áætlun en auðvitað gera þeir undanþágu á svona dögum.)

Auðvitað var Aftuelding-
arbuðin á staðnum líka og allar vörur má einnig nálgast í búðinni að Varmá þar sem starfsfólk íþróttamiðstöðvarinnar afgreiðir úr búðinni. Takk fyrir frábæran dag.

9. des



Hanna Björk Halldórsdóttir

Gleðileg jól og mikið farsælt komandi ár. Við litla stóra fjölskyldan í kjallaranum þökkum fyrir liðnar stundir á árinu. Allan þann heimsins stuðning sem við öll fengum á meðgöngu, vökueld, heimkomu, flutningu og öllu saman. Við hlökkum til næsta árs og fleiri stunda með öllu okkar fólki! (Ég lofa ég skal fara deila börnunum meira með ykkur í raunheimum líka).


Timeræfingamyndatökur í Grikklandi að koma sér vel núna!

19. des

facebook

BESTU ÓSKIR UM GLEÐILEG JÓL

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



GARÐMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s. jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is

554 2510

SIÓVÁ

TM

VÍR

VARÁUR

f

BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS

KROSSLÍMDAR EININGAR

SVALALOKANIR

GLUGGAR OG HURDIR



EININGAR EHF

WWW.EININGAR.IS

Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTA EKNI.IS

OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug

Virkir dagar: 06:30 - 22:00

Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug

Virkir dagar: 06:30-08:00 og 15:00-21.30

Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is

Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

Bílapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ

www.bilapartar.is

Tek að mér
alla krana- og
krabbavinnu

Útvega allt
jarðefni

VÖRUBÍLL Þ.B.

Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



Útfararstofa Íslands

www.utfarin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968

896-9443 896-2279

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

HEYST HEFUR...

...að verið sé að undirbúa opnun nýs matsölustaðar í Krónuhúsinu þar sem Smass hamborgarar voru.

...að starfsmenn Mosfellsbæjar fái gjafabréf í jólagjöf og geti valið um Blik, Kjöttbúðina eða sjöböðin í Hvammsvík.

...að íbúar í Bröttuhlíð og nágrenni séu búnir að safna undirskriftalistum gegn þéttingu byggðar á svæðinu.

...að knattspyrnueldi Aftureldingar muni aðstoða jólasveinana á aðfangadag.

...að skötuveislur verði bæði í Hlégarði og á Blik á Þorláksmessu.

...að Stormsveitin ætli að halda sína árlegu þrettándatónleika í Hlégarði laugardaginn 6. janúar.

...að búið sé að selja 700 miða á Þorablót Aftureldingar sem fram fer í Íþróttahúsinu 20. janúar.

...að Mikael og Emilía eigi von á barni.

...að áramótapartý verði haldið í Hlégarði þar sem fram koma m.a. Jói Pé og Króli, Sprite Zero Klan og Daniil.

...að Dagga skáti hafi haldið upp á 50 ára afmælið sitt með að fara 50 fell og fjöll á árinu.

...að Ísak Þorvaldsson hafi verið valinn í A landsliðshóp fyrir vináttuleiki sem spilaðir verða í Flórída í janúar.

... að kjör á Íþróttamanni og Íþróttakonu Aftureldingar fari fram þann 27. desember.

... að Jóna Margrét sé að gera það gott í Idolinu.

... að jólatréð á torginu sé farið að halla undir flatt.

... að áramótabingó Bankans fari fram fimmtudaginn 28. desember.

... að Helga Möller hafi þurft að hætta við þorláksmessutónleika sína vegna veikinda.

... að Þorsteinn Leó hafi verið valinn í 20 manna æfingahóp fyrir EM.

...að Árni Jóns haldi úti stórskemmtilegu jóladagatali á Instagram með rötsterkum chilli-molum og lostafullum leikföngum.

...að Elli Nielsar á Helgafelli eigi afmæli í dag.

...að aðeins sólahring eftir Grindavíkurtónleika Gretu Salóme hafi eldgos byrjað á Reykjaneskaga.

...að Mosfellingarnir Erna Sóley og Guðni Valur hafi verið valin fjálsípróttafólk ársins á landsvísu.

...að Jóhann Óskar og Jóhanna Guðrún eigi von á barni á nýju ári.

...að Hrafn Guðmunds sé farinn í KR.

...að búið sé að gera gönguskíðaspor við Reykjaland.

...að frægi Nettó-kötturinn Arýa sé að flytja úr Mosfellsbæ.

...að Heiða Helga hafi orðið fertug í vikunni.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Arnór Ásgeirsson fæddist 17. júlí 2023 á Akranesi. Eldri systir hans er Elínborg Þriggja ára. Foreldrar hans eru Karen Anna Sævarsdóttir og Ásgeir Elíasson.



Óskum Mosfellingum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári



Í eldhúsinu



Hjónabandssæla

HJÁ HELGU OG RAGNARI

Helga Steinþórsdóttir og Ragnar Snorrason deila að þessu sinni með okkur uppskrift að uppáhalds hjónabandssælu fjölskyldunnar.

Hráefni:

- 2 egg
- 2 bollar kókosmjöl
- 2 bollar haframjöl
- 2 bollar sykurl
- 2 tsk matarsóði
- 250 gr brætt smjörliki

Aðferð:

Öllu hnoðað saman í hrærivél. Ofnskúffa smurð og 2/3 af deiginu þjappað jafnt ofan í. Næst er sultu smurt yfir og svo er restin af deiginu mulið yfir. Bakað í 25-30 mín. við 175°C.



Verði ykkur að góðu!

Helga og Ragnar skora á Steinunni og Gústa að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

JÓLIN

Komið þið sæl, kærur sveitungar, og gleðileg jól, eða svona næstum því.


Þegar þetta er skrifað er þriðji í aðventu nýkominn og farinn og aðeins örfáir dagar í jólin. Jólin eru minn tími enda er hér á ferð mikið jólabarn og hef alltaf verið. Það hefur að visu reynt á það í gegnum árin svo sem og aðallega þau störf sem ég hef gegnt á lífsleiðinni sem hafa reynt á jólaandann og næstum því sigrað. En ég læt ekki blekkjast og er enn mikill jólagaur. Því þegar mestu lætin á árinu hafa verið í kringum jólin í vinnunni þá fer gamanið að súrna hressilega rétt fyrir jól þegar þreytan er farin að segja til sín.

Bræðurnir þrettán hafa komið hver á fætur öðrum og undirritaður enn ekki fengið kartöflu í skóinn þetta árið, þykir það kannski einhverjum undarlegt því vissulega hefur tilefni verið til en sveinki hefur vorkennt gamla og látið það „slæða“ í þetta sinn.

Alltaf hefur mér fundist gaman að heyra um jólahefðir, hvort sem þær eru gamlar eða nýjar, og við Íslendingar erum með svarta beltíð í nýjungagirni og þegar eitthvað sniðugt stingur upp kollinum erum við vanalega fyrstir á vagninn. Við Mosfellingar erum þar ekki undanskilin enda þarf að sýna þessum Reykavíkumgum hvernig á að gera hlutina. Ég myndi segja að mörg okkar hafi nú breytt jólahefðum til dæmis í matargerðinni um hátíðarnar, farið út fyrir rammann einu sinni eða tvisvar. Eftir því sem við eldumst eigum við líka til að bæta við hefðum og sleppa takinu af öðrum.

Það er í sjálfu sér ekki mjög gamalt hugtak að sækja jólatónleika fyrir hátíðarnar og þeim fjölgar tónlistarmönnum sem bjóða upp á slíkt enda geta tónlistarmenn ekki lifað af tónlist í dag nema koma fram og spila. Ein hefð er þó á undanhaldi og jafnvel nánast að hverfa, sem er synd, en það eru blessuð jólakortin, það fækkar með hverju árinu kortnum sem læðast inn um lúguna og ég sakna þeirra satt best að segja.

En kærur sveitungar, nýir meira að segja líka, gleðileg jól og munið nú að versla við Kyndil fyrir áramótin!



HÖGNI SNÆR

MOSFELLSBAKARI.IS
HÁHOLT 13-15
HÁALEITISBRAUT 58-60



Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar og
hljómborð á tilboði



Mikið úrval

Verð við allra hæfi

SKEMMTANIR



Hljómsveitin ÚLTRA

Hljómsveit: A. Kröyer/dúett

Tek að mér að spila í einkasamkvæmum, brúðkaupum, árshátíðum, afmælum og fl.

Er með hljómborð sem virkar eins og hljómsveit.

Get líka verið með fjöldsöng og nota þá kassagítar.

Eins er ég með dinnertónlist.

Söngkona Ann Andreasen.

Verð við allra hæfi.

Anton - antonben@simnet.is
gitarinn@gitarinn.is

Símar: 895 9376 - 552 2125

BESTU ÓSKIR UM GLEÐILEG JÓL

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Óskum Mosfellungum
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

MG Lögmenn ehf.

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is



Hlín Blómahús

Mosfellsbæ

Hlín Blómahús · Háholti 18 · Mosfellsbæ · Sími: 566 8700
Finndu okkur á facebook.com Blómabúðin Hlín



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS



VILTU SELJA?

588 55 30
WWW.BERG.IS

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki



Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.

BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042



ÞJÓNUSTUAUGLÝSING Í MOSFELLINGI

KR. 7.000 + vsk.*

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is



ARTPRO

PRENTÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 547 4444

www.artpro.is



**NÆSTI
MOSFELLINGUR
KEMUR ÚT**

11. JAN.

Blaðinu er dreift fritt
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

Mosfellingur ársins

2023

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Uppáhalds
jólamynd?



BRYNJAR:
Home Alone 1.



EINAR MÁNI:
Grinch.



ORRI STEINN:
Bad Santa.




LÓA OG ÞÓRDÍS:
Home Alone 1.



EYGLÓ:
Home Alone.

Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR



Iceguys æðið



Prettyboys um jólin



Frændur á tónleikum



Jóló á skrifstofunni

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Systkin tvö



Bæjarferð fyrir jólin



Tónnam klúbburinn



Hangikjötið komið á Áslák



NÝTT HÁR

STELPURNAR Á PÍLUS
ERU KOMNAR Í JÓLASKAP

TVÍFARAR



Ólöf Sívertsen



Kammólína

Sprey Hárstofa óskar ykkur öllum gleðilegra hátíða



Þökkum kærlega fyrir viðskiptin á árinu og hlökkum til að sjá ykkur á glænýju ári. Njótið ykkar í botn!

Kær kveðja og jólaknús frá stelpunum á Sprey Hárstofu

Hárstofan
Sprey

Hárstofan Sprey
Háholt 14 - s. 517 6677

BLIK BISTRO

Skötuþlaðborð

Á ÞORLÁKSMESSU FRÁ KL. 11:30 - 21:00

Hlaðborð

Skata (mild og sterk)
Saltfiskur



Meðlæti

Kartöflur, rófur, hamsatólg, hnoðmör, rúgbrauð, flatkökur

Úrval af forréttum og estirréttum

Verð: 5.490 kr.

Vinsamlegast bókið borð á www.blikbistro.is



BLIK BISTRO • ÆÐARHÖFÐA 36, MOSFELLSBÆ • BLIKBISTRO@BLIKBISTRO.IS • SÍMI 566 8480



ALLT

FASTEIGNASALA

www.allt.is • allt@allt.is • 560-5505
Þverholt 2 • Mosfellsbær



ÆVINTÝRALEGA GAMAN

Skemmtilegur jólamarkaður var haldinn í Hlégarði þann 9. desember. Fjöldi sölubása og skemmtilegar uppákomur í boði. Hér má sjá hressa krakka ásamt persónum úr Ævintýraskógi Lottu.

Sæktu
Landsbanka-
appið



App Store Google Play

Jólin eru
komin í verslun
Mútalundar!

Tilboð á
jólavörum

- sjón er sögu ríkari!



MÚTALUNDUR



Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Brynjólfur Jónsson
löggiltur
fasteignasali
898-9791

*Kæru Mosfellingar
Gleðileg jól og
farsælt komandi ár*



*Þökkum
ánægjuleg
viðskipti*